

**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um nýju barnalögin sem tóku gildi nú í ársbyrjun. 17



**MENNING** Friðrik Jónsson er húðflúraðasti maður Eskifjarðar og hefur ekki tölu á tattúunum. 38



**SPORT** Guðjón Valur Sigurðsson skoraði yfir hundrað landsliðsmörk í sjöunda skipti á nýliðnu ári. 34




FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
3. janúar 2013
2. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Of feitum börnum fækkar

**Hlutfall sex ára barna yfir kjörþyngd er lægra nú en fyrir tíu árum. Offita barna almennt hefur ekki aukist. Meirihluti skólahjúkrunarfræðinga beitir sér þegar börn eru yfir kjörþyngd, samkvæmt nýrri rannsókn.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hlutfall of þungra eða of feitra íslenskra barna hefur ýmist staðið í stað eða lækkað síðustu níu til tíu ár. Aftur á móti jókst hlutfall barna yfir kjörþyngd áratugina á undan.

Þetta eru niðurstöður tveggja nýrra rannsókna er varða þyngd barna hér á landi. Önnur snýr að líkamsþyngdarstuðli íslenskra barna sem eru yfir kjörþyngd og hvernig skólahjúkrunarfræðingar sinna þeim. Hin snýr að tengslum mataræðis á fyrsta aldursári við líkamsþyngd barnanna þegar þau verða sex ára.

Samkvæmt þeirri fyrrnefndu reyndust um 22,5 prósent barna af báðum kynjum vera yfir kjörþyngd árið 2008. Fjöldinn hafði haldist stöðugur undanfarin níu ár þar á undan, þó tíðni of feitra barna hafi sveiflast nokkuð, er fram kemur í inngangi að kynningu rannsóknarinnar. Þá höfðu rúmlega 60 prósent skólahjúkrunarfræðinga beitt sér vegna ofþyngdar barna, annaðhvort með viðtölum við börnin sjálf eða samtali við foreldra þeirra. Gagna var aflað úr rafrænum gagnagrunni heilsuverndar skólabarna á höfuðborgarsvæðinu skólaárin 2003 og 2004 til 2011 og 2012. Einnig var sendur út spurningalisti til skólahjúkrunarfræðinga.

Í hinni rannsókninni er sýnt fram á hugsanleg tengsl á milli prótínneyslu ungabarna og þyngdar þeirra á sjötta aldursári. Eins og áður sagði hefur of þungum sex ára börnum fækkað síðustu tíu ár, en samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar bendir það til þess að lægri prótínneysla, vegna minni neyslu á venjulegri kúamjólk, gæti að hluta til skýrt þann mun.

Niðurstöður rannsóknanna tveggja, sem og fjölda annarra, verða kynntar á stórri ráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands í dag og á morgun. - sv

## Íslendingar borða hollari mat

Íslendingar borða hollari mat nú en fyrir tíu árum. Samkvæmt nýjustu rannsókn eftirlitsaðila (Matvælastofnunar, Lýðheilsustöðvar og Landlæknis árin 2010 og 2011) um mataræði landans virðist neysla á harðri fitu og viðbættum sykri hafa minnkað, meira er borðað af grænmeti, ávöxtum og grófu brauði og fleiri taka lýsi. Þar er verið að bera saman við niðurstöður frá árinu 2002.

Prótínneysla Íslendinga er meiri en meðal nágrannaþjóða, en á sama tíma hefur mjólkurneysla minnkað snarlega, eins og kom fram í annarri rannsóknanna sem fjallað er um hér.

**FRÉTTIR**



**Rétt slapp úr stígvéli**
Móðir tveggja ára stúlku tókst naumlega að losa dóttur sína úr stígvéli sem fest hafði í rúllustiga. 2

**Sjávarútvegskaflinn strand** Samningaviðræður milli Íslands og ESB um sjávarútvegsmál komast ekki á næsta stig fyrr en aðildarríki ESB ljúka rýnivinnu. 4

**242 fengu ríkisborgararétt** Alls hafa 242 frá 60 löndum fengið íslenskan ríkisborgararétt á þessu kjörtímabili. 6

**Frestuðu vandanum** Bandaríkjaþing samþykkti á síðustu stundu málamiðlunarfrumvarp þar sem skattar á auðkýfinga eru meðal annars hækkaðir. 8




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | SV | 2 |
| Akureyri | 1° | SV | 6 |
| Egilsstaðir | 3° | SV | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | SSV | 4 |
| Reykjavík | 3° | SSA | 6 |

**Lítilsháttar úrkoma** og fremur hægur vindur fram eftir degi en vaxandi vindur með rigningu síðdegis og í kvöld. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk






**NÝÁRSSÍLDIN SNÆDD** Hópur súlna, háhyrninga og hnúfubaka skemmti sér vel í Klaufinni, norður af Stórhöfða í Vestmannaeyjum, í gær. Nóg virtist vera af síld í sænum en dýrin hópast gjarnan á þessum slóðum til að gæða sér á torfunum.
MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

DreamWorks í Reykjavík:

## Kvikmynd um WikiLeaks tekin upp hér

**BÍÓ** Bandaríski kvikmyndaframleiðandinn DreamWorks er væntanlegur hingað til lands til að taka upp atriði í nýrri mynd um Julian Assange og vefsíðuna WikiLeaks, The Man Who Sold the World. Samkvæmt heimildum blaðsins fara tökurnar að öllum líkindum fram í janúar og verða í Reykjavík og nágrenni.



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

Ekki hefur verið ráðið í hlutverk þingkonunnar Birgittu Jónsdóttur sem hefur starfað fyrir WikiLeaks en nokkrar íslenskar leikkonur koma til greina. „Mér finnst þetta svolítið óraunverulegt enn þá. Ég vonast til að þetta verði ekki algjör Hollywood-mynd,“ segir Birgitta, sem hefur veitt handritshöfundinum Josh Singer ráðgjöf. - fb / sjá síðu 38

Fyrrum eigandi félagsins hélt eftir 27,5% hlut við endurskipulagningu:

## 15 milljarða afskriftir Höfðatorgs

**VIÐSKIPTI** Alls 15 milljarðar af skuldum Höfðatorgs ehf., eignarhaldsfélagsins sem á og rekur turninn við Höfðatorg, voru afskrifaðar við endurskipulagningu félagsins.

Fyrrum eigandi félagsins á samt sem áður enn 27,5 prósenta hlut í því. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins fyrir árið 2011 sem nýverið var skilað til ársreikningaskráar.

Aðilar að nauðasamningi Höfðatorgs hafa ekki viljað gefa upp umfang skuldaniðurfellingarinnar sem nú er orðið opinbert. Vegna hennar var bókfærður hagnaður félagsins 11,5 milljarðar króna á árinu 2011. Eigið fé þess í lok árs 2011 var því jákvætt um 1,8 milljarða en hafði verið neikvætt um 10,6 milljarða fyrir endurskipulagningu. - þsj / sjá síðu 12

**11,2** milljarðar er bókfært virði turnsins við Höfðatorg.









## SPURNING DAGSINS



Saga, ertu drengur góður?

**„Já, en stundum þarf ég að sitja á strák mínum.“**

Leikkonan Saga Garðarsdóttir hefur leikið mörg drengjahlutverk það sem af er ferlinum. Hún leikur meðal annars aðalmanninn Lenoff og tré í Macbeth í Þjóðleikhúsinu.

Viðvörun frá Alþjóða Rauða krossinum vegna fátæktar Evrópubúa:

# Telja að uppreisna sé að vænta í Evrópu

**HJÁLPARSTARF** Milljónir Evrópubúa, sem bjuggu við velmegun fyrir ekki svo löngu, eiga nú í erfiðleikum með að afla sér matar. Það er mat Alþjóða Rauða krossins að Evrópa þurfi þess vegna að búa sig undir uppreisnir, eins og þær sem skekið hafa Norður-Afríku.

Framkvæmdastjóri Alþjóða Rauða krossins, Yves Daccord, segir í viðtali við Politiken að í mörgum Evrópulöndum verði samtökin nú að beina sjónum sínum í meira mæli að fátækum í eigin landi, heldur en að hjálparstarfi utan Evrópu.

Dæmi um raunverulega kreppu er yfirvofandi gjaldþrot Rauða krossins í Grikklandi. Á Spáni var öllu söfnunarfé í fyrra varið til að hjálpa íbúum landsins. Samkvæmt frétt Politiken leituðu um tvær milljónir aðstoðar hjá Rauða krossinum á Spáni, af þeim eru 300 þúsund sögð sárafátæk.

Svenska Dagbladet hefur það eftir framkvæmdastjóra Rauða krossins í Svíþjóð, Ulriku Årehed Kågström, að 12 Rauða kross-samtök innan Evrópusambandsins séu með matarúthlutanir í sínum löndum. Nýjar tölur frá Evrópusambandinu sýni að næstum 120 milljónir íbúa í aðildarríkjum þess lifa undir fátæktarmörkum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lítur ástandið svo alvarlegum augum að hún hefur lagt til að jafngildi um 400 milljarða íslenskra króna verði settir í nýjan sjóð til hjálpar þeim sem verst eru staddir. - ibs



**MÓTMÆLI Í GRIKKLANDI** Gjaldþrot vofir yfir Rauða krossinum þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

## HEIMURINN




### Grínisti til rannsóknar

**1** **EGYPTALAND** Egypski sjónvarpsgrínistinn Bassem Youssef sætir nú rannsókn vegna gruns um að hann hafi gert lítið úr Mohammed Morsi forseta í þætti sínum. Þá hafa stjórnvöld kært útbreitt dagblað fyrir að breiða út ósannar fréttir. Óháðir blaðamenn í Egyptalandi og fjölmiðlar stjórnarandstöðunnar hafa æ meiri áhyggjur af því að stjórn Egyptalands muni á næstunni beita ritskoðun óspart gegn gagnrýnendum.




### Chavez ekki í dái

**2** **VENESÚELA** Hugo Chavez, forseti Venesúela, kom aftur til landsins í gær eftir erfiða aðgerð sem hann gekkst undir á Kúbu fyrir þremur vikum vegna krabbameins. Nicolas Marduro varaforseti segir ekki rétt að Chavez sé í dái, eins og orðrómur hefur verið um. Hins vegar sé ástand hans viðkvæmt. Óvíst er hvort Chavez hefur heilsu til að gegna forsetaembættinu áfram.

### Myndasaga um Múhameð

**3** **FRAKKLAND** Franska skoptímaritið Charlie Hebdo hefur gefið út myndasögu um ævi Múhameðs spámanns. Charb, ritstjóri tímaritsins, býr sig jafnframt undir heiftúðug viðbrögð frá strangtrúuðum múslímum, sem telja það guðlast að birta myndir af spámanninum, hvað þá skopmyndir. Tímaritið hefur áður birt skopmyndir af Múhameð og fengið yfir sig gusu svívirðinga og hótana fyrir vikið.




# Rétt slapp úr stígvéli áður en stiginn át það

Móður tveggja ára stúlku tókst naumlega að losa dóttur sína úr stígvéli sem fest hafði í rúllustiga. Telpan hlaut minniháttar skrámur en haltrar eftir slysið. Vinnueftirlitið vottaði rúllustigann í nóvember, segir framkvæmdastjóri Fjarðar.

**SLYS** „Ég heyrði nuddhljóð í gúmmíi og fór þá að toga í hana, en áttaði mig þá á því að hún var pikkföst. Trappan hafði læst sig í stígvélið hennar sem festist meira eftir því sem við komum neðar. Ég náði að kippa henni úr á endanum en þá hélt stígvélið áfram og rifnaði í sundur.“

Þetta segir Aðalheiður Jensen, móðir hinnar rúmlega tveggja ára gömlu Anítu Glóar, um heldur óskemmtilegt atvik sem átti sér stað í rúllustiganum í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði skömmu fyrir jól. „Ég brást við eins og sönn móðir og fór að öskra. Hún varð ekkert vör við þetta sjálf fyrr en ég fór að tosa í hana.“

Mæðgurnar voru á leið niður rúllustigann í Firði þegar stígvél Anítu festist í stiganum. Móðir hennar náði naumlega að koma stúlkunni úr stígvélinu, en það hélt áfram með stiganum eins og áður sagði og rifnaði í sundur. Því var mikil mildi að ekki fór verr.

„Henni brá mjög mikið og var óhuggandi alveg þar til hún sofnaði,“ segir Aðalheiður. „Ég hélt líka að hún væri í molum því ég togaði svo fast í hana, svo ég fór með hana á heilsugæslustöðina. Það er allt í lagi með beinin en hún haltrar enn þá og er með ör á kálfanum eftir rúllustigann.“

Hún hefur ekki farið með Anítu litlu í rúllustiga eftir atvikið. „Það verður haldið á henni hér eftir.“

Þetta er í annað sinn á nokkrum árum sem svona slys gerist í rúllustiganum í Firði, að sögn Alberts Más Steingrímssonar framkvæmdastjóra. Fyrra skiptið var um að ræða barn í fylgd með afa sínum og var það einnig í stígvéli.

„Það er í raun ekki hægt að gera neinar breytingar á stiganum,“ segir Albert. „Það er gul lína aftast sem maður á að standa fyrir framan og það verður bara að reyna að fara eftir því.“

Stiginn var tekinn út af Vinnueftirlitinu í nóvember eða desember síðastliðnum og var í hundrað prósent lagi, að sögn Alberts. Hann bendir á að gúmmístígvél séu þó sérstaklega slæm hvað þetta varðar, þar sem gúmmíið getur verið verulega stamt og því fest í stiganum.

„Þetta er eitt af þessum slysum sem gerast og því miður ekkert hægt að lagfæra nema passa sig betur,“ segir hann. sunna@frettabladid.is



**ENN ÞÁ MEIDD EFTIR STÍGANN** Aníta Gló haltrar enn eftir að hafa fest stígvélið sitt í rúllustiga rétt fyrir jól. Móðir hennar náði naumlega að koma henni úr stígvélinu áður en það gjöreyðilagðist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> „Ég brást við eins og sönn móðir og fór að öskra.
> *Aðalheiður Jensen*

## Á þriðja tug rúllustigaslysa á 20 árum

Herdís Storgaard, forstöðumaður Forvarnarhússins, segir slys af þessu tagi algeng. Sambærileg atvik hér á landi séu orðin á þriðja tug á rúmum tuttugu árum.

„Þess ber að geta að ekki eru gular línur í öllum stigum en slíkt getur valdið misskilningi. Einnig eru aðvörunarmerkingar mjög misjafnar og stundum lítt áberandi.“

Þá bendir hún á að nauðsynlegt sé að neyðarhnappar í rúllustigum séu vel sýnilegir svo hægt sé að stoppa tröppurnar ef eitthvað kemur fyrir.



**ALGENG SLYS** Forstöðumaður Forvarnarhúss segir slys af þessu tagi töluvert algeng.


ÚTSALA
HEFST Í DAG
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
25 ÁRA

**GENGIÐ**
**2.1.2013**

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,27 | 127,87 |
| Sterlingspund | 207,49 | 208,49 |
| Evra | 168,53 | 169,47 |
| Dönsk króna | 22,588 | 22,72 |
| Norsk króna | 23,004 | 23,14 |
| Sænsk króna | 19,71 | 19,826 |
| Japanskt jen | 1,4613 | 1,4699 |
| SDR | 195,92 | 197,0 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
231,663

Sameinuðu þjóðirnar leggja mat á það hversu margir hafa fallið í átökunum í Sýrlandi:

# Meira en sextíu þúsund manns eru látnir

**SÝRLAND, AP** Átökin í Sýrlandi hafa kostað meira en 60 þúsund manns lífið, samkvæmt nýju mati Sameinuðu þjóðanna. Þetta er hærri tala en samtök sýrlenskra stjórnarandstæðinga eru með, en þau segja átökin hafa kostað meira en 45 þúsund manns lífið.

Vegna þess hve takmarkaðar og óáreiðanlegar upplýsingar hafa borist af átökunum er vel hugsanlegt að mannfallið sé enn meira.

„Fjöldi látinna er miklu hærri en við bjuggumst við, og það er sannarlega áfall," sagði Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, sem lét gera rannsóknina.

Átök stjórnarhersins og uppreisnarmanna hófust fyrir nærri tveimur árum með friðsamlegum mótmælum stjórnarandstæðinga sem stjórnarherinn svaraði af fullri hörku.

Í gær létust tugir manna þegar árás var gerð á bensínstöð skammt frá höfuðborginni Damaskus. Mikill eldur braust út í kjölfar árásarinnar, og virtist þetta ætla að verða ein mannskæðasta árásin frá upphafi átakanna. - gb



**ÁRÁS Á BENSÍNSTÖÐ** Árásin í gær virtist ætla að verða ein sú mannskæðasta frá upphafi átakanna. NORDICPHOTOS/AFP

VG ekki minni síðan 2003:

## Fylgi Bjartrar framtíðar eykst

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn er sem fyrr stærsti stjórnmálaflokkur landsins með 36,3% fylgi ef marka má nýjan þjóðarpúls Gallup. Fylgi flokksins breytist lítið milli kannana.

Vinsældir ríkisstjórnarflokkanna minnka hins vegar; Samfylkingin mælist með 19,1% fylgi og Vinstri græn með 9,1%. Hafa Vinstri græn ekki mælst með minna fylgi frá september 2003.

Framsókn mælist með 13,1% fylgi sem er svipað og í síðustu könnun. Hins vegar eykst fylgi Bjartrar framtíðar verulega og mælist 12,3% sem myndi duga fyrir níu þingmönnum.

Dögun, Hægri grænir, Píratar og Samstaða mælast með fylgi á bilinu 1,3 til 3,0% og kæmu ekki mönnum á þing. - mþl

Hætta vegna snjóflóða:

## Snjóflóðahætta á Vestfjörðum og Hofsósi

**ALMANNAVARNIR Snjóflóðavakt Veðurstofunnar ákvað í gærkvöldi að rýma reit 9 á Ísafirði og bæina Veðrará og Fremri-Breiðadal í Önundarfirði.**

**Þá ákváðu Almannavarnir í Skagafirði, í samráði við snjóflóðavakt Veðurstofunnar, að loka svæðinu norðan göngubrúar í Kvosinni á Hofsósi vegna snjóflóðahættu. Miklar snjóhengjur eru í bökkunum ofan við svæðið og talin hætta á að þær falli fram.**

**„Víða á landinu eru hlýindi og rigning og rétt að fólk fylgist með niðurföllum við hús sín vegna hættu á að snjór og klaki stífli þau með tilheyrandi hættu á vatnstjóni," segir í tilkynningu.**

# Sjávarútvegskaflinn strand hjá Evrópusambandsríkjunum

Samningaviðræður milli Íslands og ESB um sjávarútvegsmál komast ekki á næsta stig fyrr en aðildarríki ESB ljúka rýnivinnu. Lokasamningur háður samkomulagi um skiptingu aflahlutdeildar í makrílstofnum.

**EVRÓPUMÁL**
Hvar eru sjávarútvegsmálin stödd í aðildarviðræðum við ESB?

Af þeim 33 samningsköflum sem eru til umræðu í aðildarviðræðum Íslands og ESB hafa formlegar viðræður hafist í 27 og lokið til bráðabirgða í ellefu. Eftir síðustu ríkjaráðstefnu í Brussel standa sex kaflar því enn eftir og þar á meðal þeir tveir veigamestu, um sjávarútveg og landbúnað.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að vonir innan framkvæmdastjórnar ESB standi til þess að í lok júní verði viðræður hafnar um alla samningskaflana nema sjávarútveg og landbúnað og samkvæmt heimildum blaðsins gildir það sama innan íslenska samningahópsins.

Framvinda samningaviðræðna í einstökum köflum er háð ákveðnu ferli þar sem framkvæmdastjórnin ber íslensk lög og reglur saman við lagabálk ESB. Svokölluð rýniskýrsla er svo borin undir ráðherraráðið sem er samansett af fulltrúum frá aðildarríkjunum. Þegar öll ríkin hafa samþykkt skýrsluna er hún lögð fram og íslenskum yfirvöldum boðið að leggja fram samningsafstöðu þar sem farið er fram á sérlausnir eða tillit sé tekið til sérstakra aðstæðna hér á landi. Einungis þá er hægt að hefja samningsviðræður formlega.

Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, sagði aðspurður á ríkjaráðstefnunni fyrir jól að sjávarútvegskaflinn hefði verið afgreiddur frá framkvæmdastjórninni og væri nú til umfjöllunar hjá aðildarríkjunum.

Á meðan er íslenski samningahópurinn um sjávarútveg, sem samanstendur meðal annars af fulltrúum hagsmunaaðila, eins og útvegsmanna og sjómanna, og úr stjórnsýslunni, að vinna að samningsafstöðu Íslands.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði í viðtali við RÚV fyrir jól að sú vinna gengi vel og væri takmarkið að ná sem breiðastri sátt.

Erfitt er að spá um hvenær næsta skref verður tekið og rýniskýrslan verður lögð fram, en heimildir Fréttablaðsins herma að einstök aðildarríki krefjist meiri yfirlegu en önnur.

Ekki er hægt að líta fram hjá áhrifum makríldeilunnar í þeim efnum. Þó margoft hafi verið reynt að undirstrika að deilan tengist viðræðunum ekki beint er ljóst að þó að viðræður gætu hafist áður en samkomulag næst munu lokasamningar ekki nást um sjávarútveg fyrr en makríldeilan leysist, enda er þar um að ræða deilistofn ólíkt hinum staðbundnu stofnum á Íslandsmiðum.

Írar, sem eru einn helsti andstæðingur Íslands í makrílmálum meðal ESB-ríkja, fara með forystu í ESB fyrri helming ársins, þannig að ekki þykir ólíklegt verður að þykja að viðræður um sjávarútveg hefjist fyrr en vonir standa til.

thorgils@frettabladid.is



**BUNDINN VIÐ BRYGGJU** Samningaviðræður milli Íslands og ESB um sjávarútveg komast ekki á næsta stig fyrr en aðildarríkin ljúka við að afgreiða rýniskýrslu um íslenska löggjöf.

### Megináherslur Íslands liggja fyrir

Þó samningsafstaða Íslands liggi ekki enn fyrir hefur utanríkismálanefnd Alþingis lagt fram meginmarkmið um forræði yfir sjávarútvegsauðlindinni. Þar er meðal annars kveðið á um að stjórn fiskveiða og skipting aflaheimilda innan lögsögunnar verði áfram á hendi íslenskra stjórnvalda og reynt verði að halda möguleika á að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LÆGÐAGANGUR** verður yfir landinu næstu daga með tilheyrandi úrkomu og vindi. Úrkoman verður aðallega í formi rigningar enda hitastigið yfir frostmarki. Má því búast við asahláku og hálku.




**Á morgun**
Strekkingsvindur eða hvassviðri.




**Laugardagur**
Strekkingsvindur sums staðar, bætir í úrkomu síðdegis.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 14° | Berlín | 9° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 20° | New York | 1° | París | 13° |
| Aþena | 15° | Billund | 8° | Gautaborg | 7° | London | 13° | Orlando | 22° | San Francisco | 13° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 10° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 14° | Ósló | 3° | Stokkhólmur | 1° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Janúar
ÚTSALA
Hefst í dag
allt að
70%
afsláttur
Verkfæri
15-30%
afsláttur
Blöndunar- og hreinlætistæki
20-25%
afsláttur
LJÓS
30-50%
afsláttur
Heimilistæki
20-40%
afsláttur
Smáraftæki
20-40%
afsláttur
Fatnaður
30-70%
afsláttur
Búsáhöld
30-70%
afsláttur
Gólfefni
10-30%
afsláttur
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956
LÆGSTA LÁGA VERÐ
*Afsláttur gildir af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er nýr forsætisráðherra Japan?
**2.** Hvað voru margir Íslendingar sæmdir fálkaorðunni á nýársdag?
**3.** Hvaðan er fyrsta barn ársins sem fæddist um hálf sex aðfaranótt nýársdags?

**SVÖR:**

**1.** Shinzo Abe **2.** Tíu **3.** Frá Hvolsvelli.

Átta indverskir stjórnmálamenn gætu misst þinghelgi vegna árása þeirra á konur:

# Sex þingmenn ákærðir fyrir nauðganir

**INDLAND, AP** Sex indverskir ríkisþingmenn hafa verið ákærðir fyrir nauðganir. Tveir þingmenn á landsþinginu til viðbótar sæta ákærum fyrir árásir á konur, sem þó fela ekki í sér nauðgun.

Indverskur dómstóll tekur í dag afstöðu til þess hvort þessir þingmenn missa þinghelgina.

Þá er lögreglan á Indlandi að ljúka undirbúningi ákæru á hendur sex mönnum, sem grunaðir eru um hópnauðgun og morð í strætisvagni í höfuðborginni Nýju-Delí fyrir hálfum mánuði.

Þrjátíu vitni að árásinni hafa fundist sem kölluð verða fyrir dómara.

Málið vakti hörð viðbrögð á Indlandi og háværar kröfur hafa í framhaldinu komið fram um að löggjöf verði hert og lögregla taki fastar á kynferðisbrotamálum. Jafnframt hafa komið fram kröfur um að róttækar breytingar verði á viðhorfi til kvenna á Indlandi.

Nokkur þúsund konur komu saman í gær við minnismerki um Mahatma Gandhi í höfuðborginni, þar sem þær héldu þögul mótmæli.

**- gb**



**ÞÖGUL MÓTMÆLI Í NÝJU-DELÍ** Þúsundir kvenna komu saman til að minnast fórnarlambs hópnauðgunarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Þrír meintir þjófar í haldi:

# Gæsluvarðhald rennur út í dag

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald yfir þremur mönnum sem grunaðir eru um að eiga aðild að fjölda innbrota og þjófnaða úr verslunum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri rennur út í dag. Málið er enn í rannsókn hjá lögreglunni sem mun taka ákvörðun um framlengingu á varðhaldinu í dag. Mennirnir hafa setið í gæsluvarðhaldi frá 20. desember.

Mennirnir voru handteknir á Vesturlandsvegi að kvöldi 17. desember síðastliðins en þeir voru á leið til borgarinnar frá Akureyri. Nokkrum klukkutímum áður hafði verið tilkynnt um innbrot í tvö hús á Akureyri og bankað upp á í að minnsta kosti tveimur húsum til viðbótar.

Hunsa hvalveiðiráðið:

# Grænlendingar veiða 221 hval

**GRÆNLAND Heimastjórnin í Grænlandi hefur ákveðið að leyfa veiðar á 221 hval á þessu ári, þar af 190 hrefnum, nítján langreyðum, tíu hnúfubökum og tveimur norðhvölum. Þetta er tíu hvölum meira en á síðasta ári og gengur gegn ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins frá því í sumar. Frá þessu segir í dönskum miðlum.**

**Meirihluti ráðsins hafnaði tillögu Grænlands um kvótaaukningu, meðal annars þar sem hvalkjöt er selt í verslunum og veitingahúsum þar í landi, og því ekki lengur um að ræða veiðar til sjálfsþurftar. Ekki náðist samkomulag og Grænlendingar hafa því ákvarðað kvótann einhliða.**

**- þj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sveiflaði hníf og golfkylfu

Lögregla handtók í fyrrakvöld mann sem hafði veist að kærustu sinni í Hraunbæ í Reykjavík, veitt henni áverka og hótað henni með golfkylfu og hníf.

### Slasaðist þegar feiti slettist

Starfsmaður hótels í austurborginni var fluttur á slysadeild á mánudagskvöld eftir að djúpsteikingarfeiti slettist á hann. Hann hafði misst gashylki úr rjómasprautu í pottinn og tókst ekki að tæma feitina úr pottinum áður en hylkið sprakk.

### Fíkniefnasali handtekinn

Tæplega tvítugur karlmaður var handtekinn á Suðurnesjum í fyrrakvöld vegna gruns um sölu fíkniefna og að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna. Talsvert af dópi fannst á heimili mannsins.

## STJÓRNSÝSLA

### Ráðin forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað Kristínu Huld Sigurðardóttur forstöðumann Minjastofnunar Íslands til fimm ára. Frá því segir á vef ráðuneytisins. Kristín Huld hefur gegnt starfi forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins frá upphafi stofnunarinnar árið 2001 og er með doktorspróf í fornleifafræði.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Rifust yfir tölvuleik

Lögregla var kölluð til í liðinni viku vegna mikilla láta frá íbúð á Akranesi og var talið að þar væri um heimiliserjur að ræða. Svo reyndist ekki vera heldur höfðu húsráðandi og vinur hans verið að rífast yfir tölvuleik sem þeir voru að spila.

## NÝIR ÍSLENDINGAR KOMA VÍÐA AÐ




GRAFÍK/KLARA

# Alþingi hefur veitt 242 ríkisborgararétt

Tvisvar á ári veitir Alþingi einstaklingum undanþágu til ríkisborgararéttar. 39 fengu sitt í gegn fyrir jólafrí, en alls hafa 242 fengið ríkisborgararétt með þeim hætti á þessu kjörtímabili. Alþingismaður vill breyta þessu fyrirkomulagi.

**FÓLK** Alþingi veitti 39 einstaklingum íslenskan ríkisborgararétt með lögum sem sett voru fyrir jólafrí. Alls hafa 242 frá 60 löndum fengið ríkisborgararétt í gegnum lög frá Alþingi á þessu kjörtímabili. Alþingismaður fagnar nýjum borgurum, en segir þó ástæðu til þess að taka lög um ríkisborgararétt til endurskoðunar.

> **Lög um íslenskan ríkisborgararétt eru orðin sextíu ára gömul og þó þeim hafi verið breytt í gegnum tíðina finnst mér kominn tími á heildarendurskoðun.**
>
> *Skúli Helgason alþingismaður*



Alls sóttu 73 einstaklingar um ríkisborgararétt til Alþingis á haustþingi, en eins og fyrr sagði fengu 39 sitt í gegn að þessu sinni. Hópurinn kemur víða að þar sem einstaklingarnir eru fæddir í nítján löndum, þar af einn á Íslandi, sem fær ríkisborgararétt á ný.

Stærsti hópurinn, þrettán manns, er þó fæddur í Kólumbíu og kom hingað til lands sem flóttamenn á árunum 2005 og 2007.

Næst koma einstaklingar frá Bandaríkjunum, Filippseyjum, Serbíu og Póllandi, en frá árinu 2009 hafa líka fjórtán manns sem fæddust á Íslandi fengið ríkisborgararétt. Flestir þeirra hafa að öllum líkindum haft réttinn fyrr á ævinni en svo misst hann af einhverjum orsökum.

Lög um íslenskan ríkisborgararétt fela í sér ýmis skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla, meðal annars um lágmarkslengd búsetu hér á landi. Almennt er miðað við sjö ár, en því til styttingar kemur meðal annars hvort viðkomandi sé frá Norðurlöndunum, sé giftur íslenskum ríkisborgara eða eigi íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri.

Uppfylli einstaklingur ekki þessi skilyrði er hægt að snúa sér til Alþingis þar sem undirnefnd allsherjar- og menntamálanefndar tekur málið til umfjöllunar og veitir undanþágur eftir atvikum, vegna mannúðarraka, persónulegra aðstæðna eða sanngirnissjónarmiða.

Þessi háttur hefur tíðkast um áratugaskeið, en hefur þó verið umdeildur. Skúli Helgason alþingismaður, sem leiddi vinnu undirnefndarinnar, segir fulla ástæðu til þess að endurskoða lög um íslenskan ríkisborgararétt í heild sinni.

„Sjálfum finnst mér þetta fyrirkomulag, að Alþingi veiti undanþágur sem þessar, vera sérkennilegt. Lög um íslenskan ríkisborgararétt eru orðin sextíu ára gömul og þó þeim hafi verið breytt í gegnum tíðina finnst mér kominn tími á heildarendurskoðun. Ég teldi eðlilegt að þau yrðu skoðuð í samhengi við þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að hljóta hér dvalar- og búsetuleyfi. Eftir lagfæringar á lögunum verði það einungis í undantekningartilfellum sem menn fái undanþágur frá Alþingi."

Skúli óskar nýju Íslendingunum velfarnaðar og hvetur þá sem ekki komust að í þetta sinn til að reyna aftur síðar.

**thorgils@frettabladid.is**

**39**
fengu ríkisborgararétt með lögum sem sett voru fyrir jólafrí en alls sóttu

**73**
einstaklingar sóttu um ríkisborgararétt til Alþingis á haustþingi.

## Kólumbíumönnum hefur gengið vel

Fjölmennasti hópur þeirra sem hafa fengið ríkisborgararétt í gegnum lög frá Alþingi á þessu kjörtímabili er fæddur í Kólumbíu, alls 28 einstaklingar, og kom hingað til lands sem flóttamenn á árunum 2005 og 2007. Alls komu 60 kólumbískir flóttamenn til landsins á árunum 2005 til 2010.

Skúli segir þennan hóp hafa komið sér vel fyrir hér á landi og óskar þeim velfarnaðar.

„Þeim hefur gengið vel og þau hafa staðið sig vel í okkar samfélagi. Þau fengu góð meðmæli og margt sem mælti með því að þau yrðu boðin velkomin með þessum hætti."

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

**Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn föstudaginn 11. janúar 2013, kl. 14:00**
***í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.***

**Dagskrá**

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ, á fundardag.

**Mosfellsbæ 2. janúar 2013.**
**Stjórn ÍSTEX hf.**

# ÚTSALA




## GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR
500-4000 KR.

*það gerist varla betra...*

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Geymdi flugelda við eldavél:

# Kviknaði í út frá flugeldum

**BRUNI** Flugeldar sprungu í eldhúsi á heimili í Njarðvík á gamlársdag. Húsráðandi var að elda áramótasteikina og geymdi flugelda við hlið eldavélarinnar.

Við hita eldavélarinnar sprungu flugeldarnir og við það kom upp minni háttar eldur. Auk lögreglunnar á Suðurnesjum kom slökkvilið á vettvang en þá hafði húsráðandi slökkt eldinn. Hann slapp ómeiddur en var að vonum brugðið eftir atvikið. Ekki reyndist þörf á að reykræsta húsnæðið.

Framvegis þarf einungis hluti ferðamanna í Leifsstöð að fara úr skónum:

# Slakað verður á skóeftirliti í Leifsstöð

**SAMGÖNGUR** Framvegis verður slembiúrtak látið duga við eftirlit með skóbúnaði ferðamanna í Leifsstöð. Síðustu ár hafa allir ferðamenn þurft að fara úr skónum við vopnaleit í Leifsstöð.

Friðþór Eydal, talsmaður Isavia sem rekur Leifsstöð, segir að fyrirkomulagi skóeftirlitsins hafi verið breytt í desember. Farþegar sem veljast eftir slembiúrtaki þurfa eftir sem áður að fara úr skóm og þá þurfa þeir sem sýna svörun við málmleit að sæta sérstakri skoðun.

Með breytingunni er skóeftirlit í Leifsstöð fært í sama horf og eftirlit á flugvöllum í nágrannalöndum Íslands í Evrópu. Eftirlit með skóbúnaði flugfarþega er gert að kröfu bandarískra flugöryggisyfirvalda sem hafa nýverið breytt kröfum sínum um skimun farþega.

Þá kemur fram í svari Isavia við fyrirspurn vefmiðilsins Túrista.is, sem greindi fyrstur frá breytingunni, að reynslan í flugverndarskimun í Leifsstöð sýni að almennt sé styttri bið eftir afgreiðslu í öryggisleit þegar allir skór eru skimaðir en við slembiúrtak. Því má álykta sem svo að vopnaeftirlit í Leifsstöð verði ólíklega hraðvirkara en áður með breytingunni. - mþl




**LEIFSSTÖÐ** Einungis hluti ferðamanna í Leifsstöð mun framvegis þurfa að fara úr skónum við vopnaleit. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Bandaríska þingið frestaði vandanum

Eftir aðeins fáar vikur gæti næsta ágreiningsmál steypt ríkissjóði Bandaríkjanna í ógöngur. Mikill meirihluti repúblikana samþykkti skattahækkanir á auðmenn í báðum deildum þingsins, þrátt fyrir andstöðu leiðtoga flokksins í fulltrúadeild.

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti fagnaði því á nýársdag að geta „undirritað lög sem hækka skatta á auðugustu tvö prósent Bandaríkjamanna og koma jafnframt í veg fyrir skattahækkanir sem hefðu getað sent efnahagslífið aftur í kreppu“.

Báðar deildir Bandaríkjaþings samþykktu á síðustu stundu málamiðlunarfrumvarp, þar á meðal umdeildar skattahækkanir á auðkýfinga, þrátt fyrir að helstu leiðtogar repúblikana í fulltrúadeildinni væru andvígir því.

Í öldungadeildinni féllu atkvæðin 89 á móti 8 en í fulltrúadeildinni 257 á móti 167.

Málamiðlunarsamkomulagið setti hins vegar mörg erfiðustu deilumálin á frest, og munar þar mest um lögbundið skuldaþak ríkissjóðs, sem nú er 16,4 milljarðar dala, en þarf að hækka fyrir febrúarlok eigi ríkissjóður að geta mætt nauðsynlegum útgjöldum.

„Ef þingið neitar að veita Bandaríkjastjórn heimild til að greiða þessa reikninga á réttum tíma þá yrðu afleiðingarnar fyrir efnahagslíf heimsins skelfilegar – miklu verri en áhrifin af fjárlagaþverhnípinu,“ sagði Obama.

Obama dreif sig reyndar strax aftur til Havaí í gær til að ljúka þar jólafríi sínu, sem hann hafði gert hlé á milli jóla og nýárs til að ná samkomulagi áður en 600 milljarða dala skattahækkanir og ríflega 100 milljarða niðurskurður tækju sjálfkrafa gildi.

Niðurskurði á útgjöldum, meðal annars til hermála, var frestað, og sömuleiðis var frestað um tvö ár að fella niður atvinnuleysisbætur til tveggja milljóna manna, sem hafa verið atvinnulausir til lengri tíma.



**JOE BIDEN OG BARACK OBAMA** Varaforseti og forseti Bandaríkjanna hrósuðu skammtímasigri. NORDICPHOTOS/AFP

Og þrátt fyrir fullyrðingar forsetans um að skattar hækki aðeins á hina launahæstu, sem eru með meira 400 þúsund dali í árstekjur, þá hækka skattar samkvæmt samkomulaginu í raun um tvö prósent á alla launþega.

Nýtt þing kemur saman í Bandaríkjunum í dag og Barack Obama tekur síðan formlega við embætti forseta fyrir seinna kjörtímabil sitt þann 21. janúar.

> **Ef þingið neitar að veita Bandaríkjastjórn heimild til að greiða þessa reikninga á réttum tíma þá yrðu afleiðingarnar fyrir efnahagslíf heimsins skelfilegar.**
>
> *Barack Obama forseti Bandaríkjanna*

Meirihluti demókrata í öldungadeildinni jókst nokkuð, en þeir eru enn í minnihluta í fulltrúadeild.

gudsteinn@frettabladid.is

Fullt á langflestum hótelum Reykjavíkur um áramótin:

# Metfjöldi túrista um áramótin

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fleiri erlendir ferðamenn dvöldust í Reykjavík um áramótin en áður hefur þekkst á þessum árstíma. Nánast öll hótel í borginni hafa verið full síðustu daga.



**ERNA HAUKSDÓTTIR**

„Það voru umtalsvert fleiri ferðamenn hér á landi um áramótin en verið hefur og mjög líflegt,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, og heldur áfram: „Það hefur alltaf verið fullt í Perlunni á gamlárskvöld en núna var einnig mikill fjöldi í veitingasölum hótelanna og á þeim veitingahúsum sem voru opin. Það var talsvert sótt í brennuferðir og fleira sem er í boði þetta kvöld.“

Árið 2012 var algjört metár þegar litið er til fjölda erlendra ferðamanna sem heimsóttu Ísland. Á fyrsta ellefu mánuðum ársins fóru rétt tæplega 619 þúsund ferðamenn frá landinu í gegnum Leifsstöð en þeir voru rétt tæplega 520 þúsund á sama tímabili árið 2011.

Erna segir að sömu þættir megi skýra fjölgun ferðamanna yfir áramótin og skýrt hafi fjölgunina yfir árið en þó bætist við tvær þættir. „Við höfum verið með markaðsátak í gangi sem nefnist „Ísland allt árið“ þar sem verið er að vekja athygli á Reykjavík sem borg og Íslandi sem ferðamannastað yfir vetrartímann. Auk þess hefur verið nokkur umfjöllun um Ísland í fjölmiðlun erlendis upp á síðkastið sem hefur beinst að flugeldasýningum og þeim líflegu áramótum sem við þekkjum,“ segir Erna.

- mþl

**19,1%**

er hlutfallsleg fjölgun ferðamanna sem heimsóttu Ísland fyrstu ellefu mánuði ársins 2012.




smaralind.is Opnunartímar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á Facebook






**FANNFERGI** Snjó hefur kyngt niður á Vestfjörðum um hátíðirnar. Vegagerðin hefur gert sitt besta til að ryðja helstu vegi, eins og þennan í Ísafjarðardjúpinu. MYND/HAFÞÓR

# Elduðu hátíðarmat á prímus í niðamyrkri

Íbúum Árneshrepps, einkum börnunum, var orðið býsna kalt eftir að hafa verið án rafmagns í þrjá og hálfan sólarhring. Gunnsteinn Gíslason á Bergistanga segist varla muna eftir öðru eins í þrjá áratugi. Gamlar ljósavélar björguðu mörgum.

**FÓLK** „Ég er nú gamall maður og einhvern veginn fannst mér ég vera kominn á forna slóð,“ segir Gunnsteinn Gíslason á Bergistanga í Árneshreppi á Ströndum, spurður hvort nokkur hátíðarbragur hafi verið á gamlárskvöldinu í rafmagnsleysinu sem varði á svæðinu í þrjá og hálfan sólarhring.

Gunnsteinn, sem er ýmsu vanur, tekur þó fram að hann sé síður en svo aðdáandi þess að vera án rafmagns í lengri tíma. „Þetta er nærri því náttúrulögmál í þessum stórviðrum,“ segir hann. Þrátt fyrir allt sé hins vegar búið að bæta línurnar mikið og styrkja þær og því sé langt síðan hann hefur verið án rafmagns um svo langa hríð.

„Þetta er með því mesta í 20 til 30 ár,“ segir Gunnsteinn, sem hefur heldur aldrei upplifað það að rafmagnið fari yfir hátíðarnar. „Þetta var í fyrsta skipti sem maður hefur ekki hátíðarmatinn sinn í lagi.“

Gunnsteinn og kona hans, Margrét Jónsdóttir, eyddu áramótunum tvö ein, ornuðu sér við gasprímus og tókst þrátt fyrir allt að elda sér prýðilegasta mat um áramótin. „Það tókst nú til, konan var lagin og við höfðum þarna einhvern kjúklingarétt og brúnaðar kartöflur. Það var bara nokkuð gott.“

Hjónin eru ekki með olíuknúna ljósavél eins og margir aðrir í sveitinni og gátu illa lýst sér eða hitað húsið. „Hitinn í stofunni var kominn niður í sjö gráður,“ segir Gunnsteinn. Þau hafi því haldið til í minnsta herbergi hússins til að ofkælast ekki og stytt sér stundir með því að hlusta á útvarp knúið rafhlöðum.

Hann segir þau þó hafa sofið vel, kappklædd. „En auðvitað er maður guðslifandi feginn þegar þessu linnir. Það hverfur náttúrulega öll hreinlætisaðstaða nema klósettið og maður rýkur ekkert í bað við þessar aðstæður.“

### Börnunum var orðið kalt

Elísa Ösp Valgeirsdóttir, skólastjóri í Finnbogastaðaskóla, var einnig ljósavélarlaus ásamt manni sínum og þremur börnum á bænum Árnesi. „Þeim var orðið kalt – við vorum hætt að sofa heima hjá okkur,“ segir hún um börnin sem yljuðu sér við prímus og gengu um gólf með kerti.



**SNÆDDU KJÚKLINGARÉTT** Hjónunum Gunnsteini Gíslasyni og Margréti Jónsdóttur tókst að elda sér prýðilegan áramótamat á gasprímusnum.

> **Þau fóru beint út að skjóta, ekki endilega út af nýja árinu heldur út af rafmagninu.**
>
> *Bjarnheiður Júlía Fossdal*
> *Bóndi á Melum í Árneshreppi*



**ELÍSA ÖSP VALGEIRSDÓTTIR**

Annars hafi krökkunum liðið ágætlega. „Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist þannig að þau eru orðin nokkuð vön.“

Elísa er uppalin í Árneshreppi og fluttist aftur í sveitina 2009. Fjölskyldan var svo heppin að föðurbróðir Elísu bjó í næsta húsi og gat skotið yfir þau skjólshúsi á gamlárskvöld og á nóttunni.

„Við vorum búin að græja hluta af matnum á gamlárskvöld og kláruðum svo að elda þar.“

Og hún lýsir miklu myrkri: „Það verður myrkur hér – alveg svart myrkur. Það er engin lýsing í nánd þannig að það verður alveg rosalega dimmt.“

### Fögnuðu með flugeldum

Bjarnheiður Júlía Fossdal, bóndi á Melum, segir ljósavélarnar hafa bjargað henni og mörgum sveitungum hennar um áramótin.




„Við höfum aldrei hætt að nota þær. Rafmagnið kom ekki fyrr en ‘76 eða ‘77 og þá áttu allir ljósamótora. Við vildum ekki láta þá af hendi og þurftum að gera samning við Orkubúið um að mega hafa þá áfram,“ útskýrir hún. Auk þess séu spýtnakatlar í mörgum húsum sem hægt sé að hita þau upp með.

„Við vorum orðin ansi langeyg eftir rafmagninu,“ segir hún samt. Á næsta bæ hafi fólk fagnað á viðeigandi hátt að kvöldi nýársdags. „Þau fóru beint út að skjóta, ekki endilega út af nýja árinu heldur út af rafmagninu.“ stigur@frettabladid.is

# ÚTSALA

## Útsalan er hafin.

## Allt að

# -70%

## afsláttur

Kringlan 5680800
Smáralind 5659730
Akureyri 4627800

**Dressmann**®

WWW.DRESSMANN.COM

# Afskriftir Höfðatorgs námu 15 milljörðum

**Við endurskipulagningu Höfðatorgs var stærstur hluti skulda félagsins felldur niður. Lán upp á tíu milljarða króna voru endurfjármögnuð af Íslandsbanka. Fyrrum eigandi Höfðatorgs hélt 27,5 prósenta eignarhlut í gegnum þrjú önnur félög.**

Höfðatorg ehf. fékk 15 milljarða króna skuldaniðurfellingu við endurskipulagningu félagsins. Fyrrum eigandi félagsins á samt sem áður enn 27,5 prósenta hlut í því. Þetta kemur fram í ársreikningi Höfðatorgs fyrir árið 2011 sem skilað var inn til ársreikningaskráar nýverið. Aðilar að nauðasamningi félagsins hafa aldrei viljað gefa upp umfang skuldaniðurfærslunnar. Vegna skuldaniðurfellingarinnar var bókfærður hagnaður Höfðatorgs 11,5 milljarðar króna og eigið fé félagsins fór úr því að vera neikvætt um 10,6 milljarða króna í að vera jákvætt um 1,8 milljarða króna.

Höfðatorg ehf. var upphaflega í eigu Holtasels, eignarhaldsfélags í eigu Péturs Guðmundssonar, stjórnarformanns, forstjóra og eiganda verktakafyrirtækisins Eyktar. Félagið er eigandi 47 þúsunda fermetra atvinnuhúsnæðis, sem meðal annars samanstendur af 19 hæða turni við Höfðatorg í Reykjavík sem tekinn var í notkun á árunum 2008 til 2009. Höfðatorg fjármagnaði sig aðallega með erlendum lánum og við fall krónunnar haustið 2008 hækkuðu skuldir félagsins gríðarlega. Í árslok 2010 námu þær 23,1 milljarði króna og eigið fé félagsins var neikvætt um 10,6 milljarða króna. Því var ljóst að rekstrargrundvöllur félagsins var brostinn nema að ráðist yrði í fjárhagslega endurskipulagningu.

Í ársreikningi Höfðatorgs fyrir árið 2011 segir að félagið hafi frá árslokum 2008 unnið að endurskipulagningu í samvinnu við lánardrottna sína, en langstærstur þeirra var Íslandsbanki. Tilgangurinn var að gera félagið rekstrarhæft að nýju. Í skýringum reikningsins segir að „þann 24. júní 2011 var undirritaður samningur milli aðila um að lánardrottnar Höfðatorgs ehf. tækju félagið yfir og breyttu hluta skulda í hlutafé og lækkuðu skuldir um 15 milljarða króna. Samhliða voru gerðir nýir lánasamningar í íslenskum krónum að fjárhæð um 10 milljarða króna, í stað eldri lána. Í kjölfarið fór félagið í formlegt nauðasamningsferli sem lauk formlega þann 25. janúar 2012 þegar héraðsdómur staðfesti nauðasamninginn“.

Eftir þetta eignuðust helstu kröfuhafar Höfðatorgs félagið að fullu. Þeir voru annars vegar aðallánveitandi Höfðatorgs, Íslandsbanki, sem eignaðist 72,5 prósenta eignarhlut. Hins vegar var um að ræða Eykt og tvö tengd félög, sem eignuðust samtals 27,5 prósenta hlut vegna kröfu á hendur Höfðatorgs vegna áfallins byggingakostnaðar. Öll félögin þrjú eru í eigu Péturs Guðmundssonar, sem var áður eigandi Höfðatorgs. Í tilkynningu sem send var út vegna nauðasamninganna fyrir um ári síðan kom fram að aðrir kröfuhafar Höfðatorgs myndu fá kröfur sínar greiddar og að Íslandsbanki stefndi að því að selja hlut sinn í félaginu þegar fram liðu stundir.

Í framhaldi af endurskipulagningunni var hlutafé Höfðatorgs aukið um 116 milljónir króna. Nýir eigendur félagsins greiddu það fé í samræmi við eignarhlut sinn. Því greiddi Íslandsbanki um 84 milljónir króna en félög Péturs um 32 milljónir króna.

thordur@frettabladid.is

## Lykiltölur á Höfðatorgi




**HÖFÐATORG** Fyrri hluti byggingarinnar, sem hýsir meðal annars ýmsa starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar, var tekinn í notkun í byrjun árs 2008. Turninn var síðan tekinn í notkun í ágúst 2009. Nauðasamningur Höfðatorgs var kláraður fyrir tæpu ári síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**15** milljarðar kr.
af skuldum Höfðatorgs voru færðir niður.

**752,5** milljónir kr.
voru rekstrartekjur Höfðatorgs árið 2011.

**10** milljarða kr.
lán voru endurfjármögnuð.

**11,2** milljarðar kr.
eru bókfært virði Höfðatorgs-fasteignarinnar.



**SEÐLABANKASTJÓRI** Banki Más Guðmundssonar keypti krónur á gamlársdag. Það var í fyrsta sinn sem hann beitir inngripum frá því í mars 2011.

Mikil viðskipti á millibankamarkaði í árslok:

## Seðlabankinn greip inn í á gamlársdag

Seðlabanki Íslands keypti krónur fyrir um einn milljarð króna á síðasta degi ársins 2012 til að vinna gegn veikingu hennar. Ástæðan er sú að á milli jóla og nýárs áttu sér stað lífleg viðskipti á millibankamarkaði sem leiddu til skarprar veikingar krónunnar, en hún veiktist um tæplega þrjú prósent á fimm viðskiptadögum á því tímabili. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Þar sagði að krónan hafi ekki verið veikari í tæplega tvö ár. Samkvæmt opinberu gengi Seðlabankans er nú hægt að fá 208 krónur fyrir pundið, tæplega 23 krónur fyrir hverja danska krónu, 169 krónur fyrir evruna og 128 krónur fyrir hvern Bandaríkjadal. Gengi krónunnar snertir almenning í landinu ekki síst, þar sem það hefur mikil áhrif á verðbólgu og þar með verðtryggðar skuldir heimila og fyrirtækja.

Á gamlársdag voru gjaldeyrisviðskipti einkar lífleg, og beitti Seðlabanki Íslands sér á markaði með því að kaupa krónur fyrir um 6 milljónir evra, eða ríflega milljarð, en þetta er í fyrsta skipti sem hann beitir inngripum á markaði síðan í mars í fyrra.

\- þsj

**BÍLANAUST** Vörumerkið Bílanaust er ríflega 60 ára gamalt.

N1 kynnir nýtt vörumerki:

## Bílanaust opnar eftir sex ára hlé

N1 hefur á ný tekið upp hið gamalgróna vörumerki Bílanaust yfir bílavarahluta og -aukahlutaverslanir sínar. Verslanir N1 og Bílanausts sameinuðust undir merki N1 fyrir sex árum síðan en vörumerkið Bílanaust á sér ríflega 60 ára sögu.

Starfsmenn Bílanausts verða alls 60 talsins en fyrirtækið mun starfrækja sjö sérverslanir með varahluti, aukahluti í bíla, verkfæri, rekstrar- og iðnaðarvörur ásamt söludeild og tækniþjónustuverkstæði. Flest starfsfólk Bílanausts starfaði áður hjá N1.

\- mþl

SA fjallar um launaþróun:

## Lágmarkslaun hækkað hraðar en almenn

**Lágmarkslaun hafa ríflega tvöfaldast að nafnvirði frá ársbyrjun 2004. Til samanburðar hefur launavísitala Hagstofunnar hækkað um 79% og kaupmáttur launa um 2,4% á sama tímabili.**

**Þetta kemur fram í samantekt Samtaka atvinnulífsins (SA) á launaþróun síðustu ára sem finna má á vefsíðu samtakanna. Er niðurstaða SA sú að lágmarkslaun séu því mun hærra hlutfall af greiddum launum nú en fyrir átta árum.**

**Í ársbyrjun 2004 voru lágmarkslaun 93.000 krónur á mánuði á almennum vinnumarkaði. Á árinu 2012 voru þau hins vegar komin í 193.000 krónur og því hækkað um 108% á átta árum. Þá eiga lágmarkslaun að hækka í 204.000 krónur 1. febrúar samkvæmt gildandi kjarasamningum.**

\- mþl



# Janúarveisla

## Síðustu forvöð að tryggja sér sæti í janúar



frá aðeins kr.

**119.900** með allt innifalið

16. janúar í 14 nætur
30. janúar í 7 nætur

## Tenerife

Kr. 119.900
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi á Hotel Adonis Isla Bonita með allt innifalið. Verð á mann í tvíbýli kr. 159.900. Sértilboð 16. janúar í 14 nætur.



frá aðeins kr.

**69.900**

5. janúar í 10 nætur
15. janúar í 14 nætur
29. janúar í 7 nætur

## Kanarí

Kr. 69.900
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í smáhýsi á Maspalomas Lago. Verð á mann í tvíbýli kr. 84.400. Sértilboð 5. janúar í 10 nætur.

Kr. 94.900
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum á Dorotea. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með 2 svefnhergjum kr. 124.900. Sértilboð 15. janúar í 14 nætur.



frá aðeins kr.

**109.900** með hálfu fæði

26. janúar í viku

## Skíði

Síðustu sætin á skíði til Austurríkis í janúar

Kr. 109.900
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í viku.

Kr. 119.900
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í viku.



## Osló

frá aðeins kr.

**9.900** Aðra leið, til eða frá áfangastað, með sköttum.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM55147

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# RISAÚ

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
**Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 250.000 kr. afsl.**
Heimabíókerfi með allt að 50.000 kr. afslætti
**Sjálfvirkar kaffivélar með allt að 130.000 kr. afslætti**
1400sn og 7kg Whirlpool þvottavél með
íslensku stjórnborði á aðeins kr. 89.995

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic


DVD SPILARAR
SJÓNVÖRP
BÍLTÆKI
FERÐATÆKI
MP3 SPILARAR
MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR
MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR
TSALA
R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
AFSLÁTTUR
ÍSSKÁPAR
KAFFIVÉLAR
STRAUJÁRN
RAKVÉLAR
RYKSUGUR
HELLUBORÐ
Uppþvottavélar í úrvali með miklum afslætti
Whirlpool ofnar, helluborð og háfar
á frábærum verðum
Nuddtæki með allt að 50% afslætti
AIDA búsáhöld með 50% afslætti
40" sjónvörp frá 89.995
Sjá allt
úrvalið
á ht.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LAUGARDAGUR 5. JANÚAR 11-18
SUNNUDAGUR 6. JANÚAR 13-18
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500
wilfa
Melissa
Ariete
Bauknecht
elna
exido
VESTFROST
INDESIT
DeLonghi
Whirlpool

Viðvaranir forsetans vegna stjórnarskrárfrumvarps:

# Orð sem ættu að vega þyngra

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, gagnrýndi stjórnarskrárfrumvarpið harðlega í nýársávarpi sínu. Forsetinn steig þar fram sem eindreginn talsmaður núverandi stjórnarskrár, sem hann sagði hafa dugað vel.

Forsetinn benti réttilega á að þrátt fyrir ýmsar góðar hugmyndir í tillögum stjórnlagaráðs væri umræðan um nýja stjórnarskrá komin í öngstræti. „Í stað samstöðu um sáttmálann geisa djúpstæðar deilur og virtir fræðimenn við háskóla landsins hafa áréttað að margt sé óskýrt og flókið í tillögunum,“ sagði hann.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ólafur Ragnar hefur rétt fyrir sér í því að of litlar umræður hafa farið fram um hið nýja stjórnkerfi sem tillögurnar fela í sér; hvernig samspili Alþingis, ríkisstjórnar og forsetans verði háttað. Þetta er hið margumtalaða álagspróf, sem margir fræðimenn hafa hvatt til að verði gert en lítill áhugi virðist á hjá ríkisstjórninni og meirihluta Alþingis.

Það er líka rétt hjá forsetanum að í frumvarpinu felst allt annað stjórnkerfi en Ísland hefur búið við. Það er „tilraun um stjórnkerfi sem ætti sér engan líka á Vesturlöndum“.

Það er fráleitt af stjórnlagaráðsmönnum að segja athugasemdir forsetans koma of seint. Á meðan Alþingi hefur málið til umfjöllunar hlýtur það að taka til skoðunar alla rökstudda gagnrýni. Segja má að forsetinn ræki með ábendingum sínum það hlutverk sem margir telja að hann eigi að gegna; að vera nokkurs konar öryggisventill sem getur tekið í taumana þegar stefnir í algjört óefni í þjóðmálunum. Samþykkt stjórnarskrárdraganna óbreyttra væri slíkt óefni. Þar væri tekið stökk út í óvissuna sem yrði landi og þjóð ekki til góðs.

Vandamálið við gagnrýni forsetans er frekar að hún gæti vegið svo miklu þyngra en hún gerir. Þótt hann taki sér nú stöðu sem vörður núverandi stjórnskipunar hefur hann á stundum ekki vílað fyrir sér að teygja og toga hlutverk forsetaembættisins þannig að margir hafa talið að það rúmaðist ekki innan ákvæða núverandi stjórnskrár. Ólafur Ragnar Grímsson hefur þá ekki gert mikið með álit virtra fræðimanna í háskólum landsins, sem telja að hann hafi farið á svig við bókstaf, hefðir eða venjur í stjórnskipaninni.

Ef Ólafur Ragnar væri forseti sem hefði rækt hlutverk sitt sem sameiningartákn og sparað stóru orðin og dramatíkina fyrir hinar raunverulegu ögurstundir í lífi þjóðarinnar hefðu orð hans nú meira vægi og gera má ráð fyrir að hlustað væri af meiri athygli. Með framkomu sinni gagnvart bæði þingi og ríkisstjórn hefur hann ekki aukið líkurnar á að tekið sé mark á gagnrýni hans. Sem er slæmt, því að nú ríður á að ekki sé gerð stór vitleysa í stjórnskipunarmálum.

Þingmenn gerðu samt rétt í því að gleyma um stund gömlum væringum og hlusta á innihaldið í málflutningi forsetans: „Við megum ekki festa stjórnarskrármálið í fjötrum átaka og aflrauna á Alþingi. Slíkt sæmir hvorki hinni upphaflegu heitstrengingu um nýjan sáttmála Íslendinga né heldur virðingu fyrir þeirri samstöðu sem mótaði gildistöku núverandi stjórnarskrár.“

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Við flytjum þér góðar fréttir
365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu
Póstdreifing
Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einstein sagði það …

Í Fréttablaðinu í gær birtist grein eftir Hall Hallsson, blaðamann og rithöfund, þar sem hann ræðir meðal annars um Váfugl, bók sína um Evrópusambandið, og raunar ótalmargt annað. Boðskapurinn í greininni er góður. Hún gengur öll út á að við eigum að beisla jákvæðu orkuna í líkama okkar og þannig verði heimurinn betri. Líklega er það rétt hjá Halla. Greinin heitir „Af Einstein og spunarokkum“ og við upphaf hennar segir meðal annars þetta, sem greinin byggir svo öll á: „Albert Einstein spáði því að lækningar framtíðar snerust um að leiðrétta orkusvið frumunnar.“ Og Einstein er jú mestur allra vísindamanna, ekki satt?

### …reyndar ekki

Þótt við skyldum öll eftir fremsta megni leitast við að leiðrétta orkusvið frumna okkar er einn galli á grein Halls. Einstein sagði þetta aldrei. Hallur er líklega að vísa til tilvitnunar sem upp á ensku hljóðar svona: „Future medicine will be based on controlling energy in the body.“ Hún er eignuð William Tiller, stórkostlega umdeildum prófessor í svokallaðri orkusálfræði við Stanford-háskóla. Þessa tilvitnun er að finna víða á netinu við hlið annarrar eftir Einstein, þannig að það er svo sem auðvelt að ruglast.



### Stærðfræði

Einkennilegar umræður áttu sér stað í Kryddsíld Stöðvar 2 á gamlársdag, þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Steingrímur J. Sigfússon gátu ekki komið sér saman um skilgreiningu á minnihlutastjórn. Að þessu sinni hafði Sigmundur Davíð rétt fyrir sér: Minnihlutastjórn er sú stjórn sem þarf liðsmenn annarra flokka til að verja sig vantrausti. Ríkisstjórn Steingríms og Jóhönnu Sigurðardóttur er því minnihlutastjórn, þótt vantrauststillaga hafi enn ekki verið lögð fram. Og þótt forystumenn ríkisstjórnarflokkanna vilji telja sjálfum sér og öðrum trú um annað.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Rökþrota prestur

NÝ STJÓRNARSKRÁ



Reimar Pétursson
hæstaréttarlögmaður

Gagnrýni virðist fara í taugarnar á mörgum stjórnlagaráðsliðum. Þeir sem láta gagnrýnina trufla sig mest virðast hins vegar með öllu ófærir um að svara henni efnislega. Ástæðan er einföld; tillögurnar standast einfaldlega ekki.

Nú hefur t.d. Háskóli Íslands staðið fyrir fundum þar sem fólk úr fræðasamfélaginu hefur kynnt viðhorf sín til tillagna stjórnlagaráðs. Þar ber allt að sama brunni. Tillögurnar fela í sér mikla hættu fyrir lýðræðið, eru til þess fallnar að valda glundroða og leysa með engum hætti úr þeim vandamálum sem þó eru þekkt á sviði stjórnskipunarinnar.

Dæmi um viðbrögð stjórnlagaráðsliða við gagnrýninni er að finna í grein sem séra Örn Bárður Jónsson skrifaði á aðventunni og birtist í Fréttablaðinu 8. desember síðastliðinn undir fyrirsögninni „úrtölufólkið og spýjan“. Ekki sparar presturinn merkimiðana á gagnrýnendur tillagnanna úr fræðasamfélaginu: „úrtölufólk“, „gungur“ og „heimskingjar“. Gagnrýnin er borin saman við „spýju“ úr hundi. Þessa umsögn telur presturinn fræðafólkið verðskulda fyrir að segja „förum varlega, skoðum þetta betur“.

Rök prestsins fyrir áframhaldandi óvissuferð á sviði stjórnskipunarinnar eru haldlítil. Tillögur stjórnlagaráðs kallar hann „listaverk“ og segir þær varða leiðina til „nýrrar framtíðar, fegurri veraldar, réttlátara samfélags“. Prestinum finnst þó ekki ástæða til að útskýra nánar hvernig „listaverkið“ á að skila þessum árangri.

Þá ber presturinn störf stjórnlagaráðs saman við störf þeirra sem skrifuðu stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þessi samanburður byggist þó í engu á efni skjalanna, aðdraganda gerðar þeirra og reynslu og þekkingu þeirra sem unnu þau. Samanburður prestsins byggist einvörðungu á því hversu langan tíma tók að semja skjölin.

Sá tími skiptir augljóslega engu máli. Til dæmis tók hálft ár að útbúa drögin að Weimar-stjórnarskránni þýsku, en hún kom þó ekki í veg fyrir valdatöku Hitlers. Aftur á móti tók aðeins tvær vikur að gera drög að stjórnarskrá Vestur-Þýskalands, sem var ætluð til bráðabirgða, en stendur þó í öllum aðalatriðum enn fyrir sínu.

Svör prestsins fela því ekki í sér nein efnisleg svör við framkominni gagnrýni. Þess í stað afhjúpa þau málefnalega fátækt hans og algjöra blindu fyrir réttmætri gagnrýni. Örn Bárður er rökþrota.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Eva Joly og afkvæmið

DÓMSMÁL



Kristín Þorsteinsdóttir
fv. fréttamaður

Nú eru bráðum fjögur ár síðan Eva Joly kom til Íslands til að gefa stjórnvöldum ráð um hvernig ganga skyldi milli bols og höfuðs á meintum fjárglæframönnum eftir bankahrun. Strax kom hún galvösk, með bros á vör í viðtal í sjónvarpi og lýsti yfir sekt manna á báða bóga, meira að segja í einstöku dómsmáli.

Í næstu setningu tók hún fram að hún þekkti hvorki haus né sporð á dómsmálinu, en líkindin með öðrum málum sem hún kunni skil á voru augljós, sagði hún.

Spyrillinn kinkaði kolli og gat ekki leynt aðdáun sinni. Síðan hefur hún mætt í sjónvarp af og til, alltaf kinkar spyrillinn kolli af sama ákafa. Hún hefur aldrei fengið erfiða spurningu.

Ég kynntist Evu Joly fyrir mörgum árum. Hún er snaggaraleg, hvatvís og djörf kona, sem á sér ótrúlegt lífshlaup. Með miklu harðfylgi fór hún fyrir rannsóknum mála í Frakklandi sem leiddu til handtöku og dóms yfir sakamönnum sem í marga áratugi höfðu komist upp með spillingu, ofbeldi og fjárglæfra í skjóli illa fengins auðs.

### Blóðfórnir

Í þeim slag voru blóðfórnir færðar, fólk var myrt. Gerð var tilraun til að koma Evu sjálfri fyrir kattarnef. Lífverðir gættu hennar dag og nótt. Hún gaf hvergi eftir, fórnaði meira að segja samskiptunum við fjölskyldu sína fyrir málstaðinn. Hún drýgði mikla hetjudáð.

Ég sé hins vegar engin líkindi með því fólki sem Eva Joly fór gegn í Frakklandi og því fólki sem nú situr á sakamannabekk undir ákærum frá sérstökum saksóknara, stærsta saksóknaraembætti í heimi miðað við höfðatölu – skilgetnu afkvæmi Evu Joly.

Ég reikna ekki með hetjudáðum frá afkvæminu. Flestir sakborningarnir eru milli þrítugs og fertugs, vel menntað fólk sem hafði starfað í fjármálaheiminum í örfá ár eftir langt nám. Það taldi sig eiga framtíðina fyrir sér. Ekkert þeirra er grunað um ofbeldi svo ég viti. Það fékk eftirsótt störf í nýlega einkavæddum bönkum, sem hrundu líkt og margir bankar í nálægum löndum.

Í aðdraganda hrunsins lentu lítt reyndir íslenskir bankamenn í erfiðri stöðu. Oft stóðu þeir frammi fyrir eintómum vondum kostum, sem eflaust voru afleiðing af fúski – oftast fúski einhverra allt annarra manna. Stundum virðist saksóknarinn ákæra vegna ákvörðunar sem ákærðu töldu skásta kostinn þegar enginn góður var í boði.

Stóri lærdómurinn af íslensku bankamartröðinni er sá að hér fylltust margir oflæti – embættismenn, stjórnmálamenn, blaðamenn, eftirlitsmenn, lífeyrissjóðir, litlir fjárfestar og stórir fjárfestar. Taka átti bankaheiminn með trompi með sameiginlegu átaki. Þeir sem þykjast kunna skýr skil á upphafi og endi í þeim efnum finnst mér afar ósannfærandi.

### Réttarmorð

Mér sýnist hætta á því að fúskið sé að endurtaka sig, en að þessu sinni í dómsölum. Bæta eigi fyrir ósómann með því að ákæra sem flesta og setja þá bak við lás og slá. Engin ástæða er til þess að ætla að góðir saksóknarar verði hristir fram úr erminni frekar en góðir bankamenn. Það á örugglega eftir að koma í ljós – vonandi áður en of mörg réttarmorð verða framin.

**➜ Stóri lærdómurinn af íslensku bankamartröðinni er sá að hér fylltust margir oflæti – embættismenn, stjórnmálamenn, blaðamenn, eftirlitsmenn, lífeyrissjóðir, litlir fjárfestar og stórir fjárfestar.**

Að nefna meintar misgerðir íslenskra bankamanna í sömu andrá og glæpi rótgróinna mafíósa sem Eva Joly fékkst við niðri í Evrópu er fáránlegt. Það væri efni í frábærar skemmtisögur ef ákærurnar kölluðu ekki þá harmleiki yfir fólk sem raun ber vitni.

Fyrir aldarþriðjungi fengum við annan sakamálasérfræðing til Íslands, rannsóknarlögreglumanninn Karl Schütz frá Þýskalandi. Hann var vanur að fást við harðsvíraða glæpamenn líkt og Eva Joly. Á þeim forsendum aðstoðaði hann lögreglu við að binda endahnút á rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Á þeirri rannsókn byggðust umdeildustu dómar seinni tíma Íslandssögu. Ég veit ekki hvort þeir voru réttir eða rangir. En niðurstöðurnar kalla fram óbragð í munni flestra Íslendinga. Ef við vöndum okkur ekki í þetta sinn gætum við átt von á fleiri slíkum.

Það fer um margan góðan blaðamanninn, fyrrverandi og núverandi, sem nú er á miðjum aldri, þegar minnst er á Guðmundar- og Geirfinnsmál. Þeir vita upp á sig skömmina. Þeir áttu ekki að ganga í lið með refsivaldinu heldur gæta hlutleysis, spyrja spurninga og fá svör en gera minna af því að kinka kolli til yfirvaldsins.

Skárra er að fá engan dóm í sakamáli en vondan.

# Barnalög þurfa vandaða framkvæmd

BARNALÖG



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Um áramót tóku gildi breytingar sem gerðar hafa verið á barnalögum. Þar er að finna mörg nýmæli sem styrkja og treysta réttarstöðu barna og þar á meðal má nefna lögfestingu á grunngildum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í reynd má segja að lögin móti umgjörð um mannréttindi barna. Opinber umræða um þennan lagabálk, sem þegar á heildina er litið markar jákvæð tímamót, hefur því miður litast nokkuð af deilum og fyrir vikið gefið villandi mynd af lögum sem víðtæk samstaða ríkir um. Þessar deilur snúast um mjög afmarkaða þætti og nú síðustu daga um dagsetningu gildistöku laganna og opinber fjárframlög við framkvæmd þeirra.

Við samþykkt laganna síðastliðið sumar gerði Alþingi nokkrar breytingar á lögunum sem snerta veigamikla þætti. Alþingi ákvað t.a.m. að veita dómurum heimild til að dæma sameiginlega forsjá. Óþarfi er að fara í rökstuðning með eða á móti þessu fyrirkomulagi því ágreiningurinn heyrir nú liðinni tíð og verkefni dagsins er að tryggja að réttindi barna séu aldrei fyrir borð borin þótt deilur foreldra þeirra rati inn í dómsal.

### Lögheimilisdeilur í dómsal

Alþingi gerði einnig breytingar sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd laganna og breyta henni frá því sem áætlað var. Þannig var dómurum líka veitt heimild til að kveða upp dóm um hjá hvoru foreldri sínu barn skuli eiga lögheimili. Þetta leiðir til þess að lögbundin sáttameðferð fyrir foreldra sem deila, sem er meðal nýmæla í lögunum, þarf einnig að ná til lögheimilismála. Það hefur aftur þær afleiðingar að fleiri mál en ella koma til kasta þeirra ráðgefandi aðila sem koma til með að annast sáttameðferð í forsjárdeildum. Þessi breyting leiðir því af sér útgjaldaauka frá því sem áætlað var í kostnaðarumsögn við upphaflega frumvarpið, en upphaflega var gert ráð fyrir að aukinn kostnaður væri að lágmarki upp á 35-40 milljónir króna. Auk þessa kom sífellt betur í ljós við undirbúning gildistöku barnalaganna að til að lögin gætu orðið annað og meira en orðin tóm þyrfti meira fjárframlag en upphaflega var áætlað.

Vegna þessa alls hljóðaði nýtt kostnaðarmat upp á 60 milljónir króna. Á þetta féllst Alþingi við afgreiðslu fjárlaga, svo sem lesa má um í breytingartillögum fjárlaganefndar, og var þá samþykkt að veita 30 milljónum króna til málaflokksins, að því gefnu að gildistöku laganna yrði frestað um hálft ár eða fram til 1. júlí 2013. Frestunin var einnig mikilvæg til að tryggja nægilegan tíma til undirbúnings gildistökunnar, þ.m.t. að útfæra að fullu hina skyldubundnu sáttameðferð en óvissa um fjárframlög hafði tafið mikilvæga þætti í þeim undirbúningi.

### Björt framtíð á þingi

Stjórnarandstaðan á Alþingi, undir forystu þeirra þingmanna sem kenna sig við Bjarta framtíð, ákvað hins vegar að láta þetta sem vind um eyru þjóta og staðhæfði að 30 milljónir króna nægðu vel til að standa að framkvæmd breyttra laga. Þar fór í stafni sami maður og hafði haft forgöngu um þær breytingar sem voru meðal ástæðna fyrir kostnaðaraukanum, þ.e. Guðmundur Steingrímsson. Taldi hann niðurstöðu fjárlaganefndar, sem hann hafði sjálfur greitt atkvæði með, og röksemdir sérfræðinga einu gilda; hann væri sannfærður um að gerbreytt verklag gæti hafist þann 1. janúar 2013. Á þetta féllust allir þingmenn stjórnarandstöðunnar og fór svo að frestunartillagan var felld. Þetta er furðuleg og ábyrgðarlaus framganga þingmanna stjórnarandstöðunnar, ekki síst þeirra sem annars kenna sig við bætt vinnubrögð og bjartari tíma.

**➜ Þannig var dómurum líka veitt heimild til að kveða upp dóm um hjá hvoru foreldri sínu barn skuli eiga lögheimili.**

### Hagsmunir barna í húfi

Ríkisstjórn hefur nú náð að afstýra því slysi að lögin tækju gildi án þess að nægilegt fjárframlag væri tryggt en hún samþykkti á fundi sínum sl. föstudag viðbótarfjárveitingu til málaflokksins þannig að fullar 60 milljónir króna eru tryggðar. Innanríkisráðuneytið setur allt púður í að lágmarka skaðann og vandræði sem af því hljótast að Alþingi hafnaði ósk þeirra sem framkvæma lögin um frestun gildistöku. Strax milli jóla og nýárs fundaði ég með formanni Sýslumannafélags Íslands en sýslumannsembætti landsins munu bera hitann og þungann af breyttri framkvæmd. Þau vinna nú, í samvinnu við ráðuneytið, hörðum höndum að því að undirbúa breytta verkferla. Hagsmunir og réttindi barna eru hér í húfi og enginn hefur leyfi til að taka áhættu með þau. Það á líka við um stjórnmálamenn.




Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

**Nicotinell Tropical Fruit lyfjatyggigúmmí inniheldur** 2 mg eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Þeir sem reykja ekki eiga ekki að nota lyfjatyggigúmmíið. Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321 **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# Varði doktorsritgerð um frístundaheimili

Kolbrún Þ. Pálsdóttir varði doktorsritgerð sína í uppeldis- og menntunarfræðum.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, varði doktorsritgerð sína í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands 14. desember.

Ritgerð Kolbrúnar nefnist Care, learning and leisure. The organisational identity of after-school centres for six to nine year old children in Reykjavík, eða Umhyggja, nám og tómstundir: Hlutverk og staða frístundaheimila fyrir sex til níu ára börn í Reykjavík.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þrískiptar: (a) Staða frístundaheimila innan kerfisins var veik, meðal annars þar sem engin sérstök lög gilda um starfsemina. (b) Fagvitund frístundaleiðbeinenda var almennt óljós. Meirihluti starfsmanna hafði ekki sérhæfða menntun og réði sig til skamms tíma. Hins vegar báru verkefnastjórar frístundaheimilanna meginábyrgð á starfinu. (c) Frístundaheimilin sköpuðu börnum tækifæri til leiks og félagslegrar þátttöku í fjölbreyttu starfi eftir að skóla lauk.

Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir fæddist 22. maí 1971 í Leuven í Belgíu. Foreldrar hennar eru Auður Birgisdóttir og Páll Skúlason, prófessor í heimspeki. Hún lauk BA-prófi í heimspeki haustið 1996 frá Háskóla Íslands og meistaraprófi í uppeldis- og menntunarfræði vorið 2001 frá sama skóla. Hún hefur starfað við kennslu við Menntavísindasvið HÍ samhliða doktorsnámi.

Kolbrún er gift Róberti H. Haraldssyni, prófessor við Háskóla Íslands, og börn þeirra eru Ragnhildur, Kolbrún Brynja og Páll Kári. Að auki á Kolbrún tvær dætur, Sunnu Ösp og Sóleyju Auði.



**VARÐI DOKTORSRITGERÐ** Kolbrún Þ. Pálsdóttir varði doktorsritgerð sína í hátíðasal Háskóla Íslands.

---

†



Elsku mamma, tengdamamma og amma okkar,

**GUÐRÚN G. JOHNSON**
**Efstaleiti 12, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 31. desember. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn og barnabörn.**

---

†



Bróðir minn og frændi okkar,

**TRYGGVI SIGURÐSSON**
**Fagurhólsmýri,**

verður jarðsunginn frá Hofskirkju í Öræfum laugardaginn 5. janúar kl. 14.00.

**Nanna Sigurðardóttir**
**Sigríður, Helga og Halldóra Oddsdætur og fjölskyldur.**

---

†



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**HELGA HÁKONARDÓTTIR**
**Hólsvegi 17,**

sem lést á heimili sínu fimmtudaginn 20. desember, verður jarðsungin 4. janúar klukkan 11.00 frá Fossvogskirkju.

**Bergþór Magnússon**
**Magnús Eðvarð Guðleifsson   Guðbjörg Guðmundsdóttir**
**Bergþór Helgi Bergþórsson   Gyða Sigurbjörg Steinarsdóttir**
**Bergsteinn Bergþórsson**
**Vilborg Helga Bergþórsdóttir**
**Katrín Ósk Magnúsdóttir**
**Brynjar Þór Magnússon**
**Elísabet Jenný Bergþórsdóttir**
**Kristófer Þorri Magnússon**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN GUÐMUNDSSON**
**Skúlagötu 20, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni aðfaranótt 30. desember. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, fimmtudaginn 3. janúar, kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Ragnheiður Hjálmtýsdóttir**
**Hjálmar Þór Kristjánsson   Lydía Rafnsdóttir**
**Guðmundur Kristjánsson**
**Sigurrós Kristjánsdóttir   Ingvar J. Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HANNES KRISTMUNDSSON**
**garðyrkjubóndi**
**Borgarheiði 13h, Hveragerði**

lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 25. desember. Hann verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 5. janúar kl. 14.00.

**Sigurbjörg Gísladóttir**
**Kristmundur Stefán Hannesson**
**Sigurður Elí Hannesson   Helena Sif Ericson**
**og barnabörn.**

---

†



Ástkær pabbi okkar, sonur, bróðir, afi, tengdafaðir og vinur,

**SIGURÐUR ÞORSTEINN BIRGISSON**
**Neskaupstað,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum 26. desember. Við söknum þín. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. janúar klukkan 14.00.

**Tore, Steinar og Elín Sigurðarbörn**
**Guðríður Elísa Jóhannsdóttir og Birgir Sigurðsson**
**Karl Jóhann Birgisson   María Guðjónsdóttir**
**Helena Lind Birgisdóttir   Vilhelm Daði Kristjánsson**
**Pétur Hafsteinn Birgisson   Sigurborg Kjartansdóttir**
**Trym Birgisson**
**Inger Helene Korbi**
**Berit Jenssen**

---

†



Okkar ástkæra móðir og tengdamóðir,

**SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**
**frá Lagarási 12, Egilsstöðum,**

lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands þann 22. desember síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 5. janúar næstkomandi kl. 11.00.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Gyða Vigfúsdóttir og Sigurjón Bjarnason.**

---

†



Minningarathöfn um

**SIGMAR BENT HAUKSSON**

verður í Hallgrímskirkju föstudaginn 4. janúar og hefst klukkan 15.00. Jarðsett verður í Staðardal í Steingrímsfirði 5. janúar.

**Haukur Bent Sigmarsson   Anna Jónsdóttir**
**Guðjón Bent Sigmarsson   Malin Sköldstrand**
**Guðrún Björk Hauksdóttir   Rúnar Bachmann**
**Jón Víðir Hauksson   Brynhildur Barðadóttir**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HULDA PÁLSDÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Grund 24. desember síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Neskirkju í dag, fimmtudaginn 3. janúar kl. 13.00.

**Einar Þór Guðmundsson**
**Sigríður Hellen Sveinsdóttir   Allan Møller**
**Hjördís Erla Sveinsdóttir   Alexander Eyjólfsson**
**Páll Baldvin Sveinsson   Anna Lísa Þorbergsd.**
**Geir Grétar Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN LILJA BERGÞÓRSDÓTTIR**
**Suðurbraut 2, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítala laugardaginn 22. desember 2012. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 4. janúar 2013, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnardeildina Hraunprýði.

**Marel Eðvaldsson**
**Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir**
**Örn Marelsson**
**Ingibjörg Marelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

**GUÐRÚN SAMÚELSDÓTTIR**
**Borgarbraut 52, Borgarnesi,**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 29. desember.
Hún verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 5. janúar kl. 15.00.

**Halldór Sigurðsson**
**Guðmundur Skúli Halldórsson**
**Samúel Halldórsson**
**Guðbjörg Halldórsdóttir**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA GÍSLADÓTTIR**
**Skúlagötu 40b, Reykjavík,**

lést að Droplaugarstöðum 1. janúar 2013.

**Ólafur Guðjónsson**
**Gísli Ólafsson   Elísabeth Solveig Pétursdóttir**
**Viðar Ólafsson   Birna Björnsdóttir**
**Þórunn Ólafsdóttir**
**Sveinn Ingi Ólafsson   Gyða Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, dóttir og systir,

**INGUNN JÓNSDÓTTIR**
**Þingholtsbraut 20, Kópavogi,**
**frá Sólvangi í Fnjóskadal,**

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 4. janúar klukkan 13.00.

**Magnús Skúlason**
**Hlynur Magnússon**
**Skúli Magnússon   Guðrún Katrín Oddsdóttir**
**Ásdís Stefánsdóttir og systkini.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**STURLA JÓNSSON**
**Tungusíðu 14, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 18. desember. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 4. janúar kl. 13.30.

**Anna Soffía Þorsteinsdóttir**
**Drífa Björk Sturludóttir   Steingrímur Benediktsson**
**Atli Þór Sturluson**
**Júlíanna Þöll og Benedikt Sturla**



4BLS BÆKLINGUR
JANÚAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
USB 3.0
10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA
SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND
LACIE
500GB FLAKKARI
Örsmái LaCie Rikiki USB 3.0 er minnsti USB3 flakkari í heimi og á ótrúlegu tilboðsverði!
12.900
1TB AÐEINS 17.900
LACIE
USB 3.0
10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA
2TB FLAKKARI
LaCie Minimus er glæsilegur og hraðvirkur USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi
19.900
3TB AÐEINS 29.900
7" Spjaldtölva með 5-punkta 800x480 fjölsnertiskjá 16.900
8" Spjaldtölva með 5-punkta 800x600 fjölsnertiskjá 21.900
10" Spjaldtölva með 5-punkta 1024x600 fjölsnertiskjá 26.900
NÝ KYNSLÓÐ ProTab
Glæsilegar multimedia spjaldtölvur fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 4.1 stýrikerfi
FISLÉTT OG ÖRÞUNN
Aðeins 8mm & 188gr
BEBOOK
PURE LESTÖLVA
6" E-Ink lestölva sem les íslenskar og erlendar rafbækur og geymir allt að 4000 bækur
19.900
MEÐ SNERTISKJÁ OG WIFI 29.900
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
3. JANÚAR 2013 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL




# GIGABYTE

## EXTRA TÖLVUTILBOÐ 3

- GIGABYTE EXTRA hljóðlátur turn
- AMD A8-5600K Quad Core 3.9GHz Turbo
- GIGABYTE A75M-D3H móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 2GB Radeon HD7560D DX11 skjákjarni
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

ÓTRÚLEGT VERÐ!




# GIGABYTE

## 3D MONSTER TILBOÐ 1

- Thermaltake Commander leikjaturn
- Bulldozer X6 FX-6100 3.9GHz Turbo 14MB
- GIGABYTE 970A-UD3 móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 2TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD7770 OC DX11 skjákort
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**149.900**

FÁANLEG SNJÓHVÍT EÐA BIKSVÖRT







# SMART TV

## FYRIR ÞITT SJÓNVARP

Breyttu þínu sjónvarpi í SmartTV og vafraðu á netinu, kíktu á Facebook eða tölvupóstinn, spilaðu kvikmyndir og tónlist af heimaneti, interneti eða YouTube, þúsundir forrita og leikja.

- Tengist beint í HDMI tengi á sjónvarpi
- Dual Core 1.6GHz ARM A9 Cortex örgjörvi
- Quad-Core Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 4GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 150Mbps þráðlaust WiFi net
- Þráðlaust lyklaborð með innb. músarfleti
- HDMI 1.4, USB2, Micro SD og RF sendir
- Android 4.1 JB stýrikerfi og fjöldi forrita

**29.900**

SJÓNVARPIÐ LIFNAR VIÐ ;-)




# iP7250

## WiFi PRENTARI FRÁ CANON

- Glæsilegur nýr prentari frá Canon
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- Prentar báðu megin með Auto Duplex
- ISO hraði 15 bls á mín í svörtu / 10 í lit
- 100% jaðarprentun í allt að A4
- Prentar beint á CD/DVD diska
- AirPrint sem prentar frá Android ofl.

**16.900**

ÞRÁÐLAUS CANON PRENTARI




## 7.1 DOLBY HEYRNARTÓL

- 7.1 Dolby Surround heyrnartól
- Ótrúleg Surround 3D leikjaupplifun
- Stillanlegur Noise-Canceling MIC
- Hljóð- og Boom stillir á snúru
- 3D G4ME1 USB 7.1 hljóðkort fylgir
- Fislétt og ótrúlega þægileg

**14.900**

SENNHEISER HEYRNARTÓL




## WiFi 300 EXTENDER

- WiFi 300 n Easy-n-Extender
- Framlengir gamla þráðlausa netið
- Virkar með öllum ADSL routerum
- 6x meiri drægni með MIMO tækni
- Ótrúlega þægileg uppsetning með WPS
- Styður alla helstu öryggisstaðla

**7.990**

ALLT AÐ 12X MEIRI HRAÐI




## 8GB VINNSLUMINNI

Super Talent Extreme Performance 1600MHz DDR3 vinnsluminni með króm kæliplötum.

**6.990**

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!




## ÞRÁÐLAUST SETT

Lyklaborð með flýtihnöppum og ábrenndum íslenskum stöfum ásamt vandaðri geislamús

**4.990**

GIGABYTE KM7850 ÞRÁÐLAUST SETT



## M6900

FLOTT GIGABYTE LEIKJAMÚS

- Ein flottasta leikjamúsin í dag
- High-Precision 3200dpi tækni
- On-the-fly 3ja þrepa DPI stillingar
- Gaming Grade 30G hröðun
- 5 forritanlegir hnappar
- Gaming Grade gúmmí grip
- Glæsileg leikjamús frá GIGABYTE

GIGABYTE

**4.990**

ÞESSI ER FRÁBÆR Í LEIKINA

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## GÓÐ KAUP
**Nú eru útsölurnar hafnar af fullum krafti. Vetrarútsölur eru yfirleitt frábærar, enda henta fötin vel hér á landi. Hægt er að gera góð kaup í verslunum en einnig á netinu. Oft er umtalsverð lækkun á fatnaði og flesta munar um þær krónur.**












# PRJÓNAR EKKI ALLT SJÁLF

**NÝJUSTU KAUPIN** *Ragnheiður Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri Knitting Iceland, féll fyrir vélprjónaðri peysu á búðarölti í Amsterdam á dögunum.*

Mér fannst peysan svo stórkostlega falleg að ég gat ekki annað en keypt hana,“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir þegar við forvitnumst um nýjustu fatakaupin. Hún segir fólk oft verða hissa á að hún skuli kaupa prjónaföt þar sem hún lifi og hrærist í prjónaskap sem framkvæmdastjóri Knitting Iceland.

„Fólk heldur að ég prjóni allt sjálf,“ segir hún hlæjandi. „En ég hef ekki tíma til að prjóna mikið á sjálfa mig og kaupi oft prjónaðar flíkur, bæði vél- og handprjónaðar, sem ég fell fyrir,“ segir hún.

Peysan er frá franska merkinu Antik Batik og keypt í Amsterdam. Hún er vélprjónuð úr ull og akrýl og unnin á sérstakan hátt.

„Neðst á peysunni er rosalega fallegur bekkur sem er prjónaður þvert á allt annað. Bekkurinn er í mörgum litum og prjónaður á röngunni, sem er sérstakt. Ég nota peysuna sem yfirhöfn og oft nota ég leðurvesti yfir hana frá E-label. Skórnir eru líka í miklu uppáhaldi en þeir eru ASH-mótorhjólastígvél sem ég keypti líka í Amsterdam. Mér finnst til dæmis mjög gaman að vera í dömulegum kjól en svo í grófum mótorhjólastígvélum við,“ segir Ragnheiður, en hún þræddi búðirnar í Amsterdam á dögunum þegar hún vann að hönnunarverkefni ásamt prjónahönnuðinum Stephen West.

„Stephen býr í Amsterdam en hann er amerísk prjónarokkstjarna og er einn frægasti hönnuðurinn í handprjónaheiminum í dag. Við höfum unnið mikið saman og erum að vinna að prjónakolleksjóni sem kemur út á bók í vor. Við kennum prjónanámskeið í sameiningu og á þessu ári bíða okkar mörg ótrúlega spennandi verkefni,“ segir Ragnheiður.

En hvar mælir hún með því að kaupa prjónaflíkur í Amsterdam? „Peysuna keypti ég í versluninni Sukha. Cora Kemperman er hönnuður í miklu uppáhaldi hjá mér. Svo er gaman að máta föt hjá Sprmrkt.“

■ heida@365.is



**GÓÐ YFIRHÖFN** Ragnheiður Eiríksdóttir notar nýju peysuna sem yfirhöfn og gróf stígvél við.

MYND/STEFÁN







Útsalan hafin
50% afsláttur
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 S. 554 7030
Eddufelli 2 S. 557 1730
www.rita.is

Útsalan hefst í dag
30%-50%
afsláttur
RÓLÓ
Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 894 8060 • www.rolo.is • Facebook






**NR. 1**
**NIKE AIR MAX 95**
Framleiddir árið 1995 en tróna þó á toppi listans. Þeir hafa einfaldlega verið kallaðir bestu skór allra tíma af hlaupaskósérfræðingum.



**NR. 2 SAUCONY KINVARA 3**
Framleiddir árið 2012. Þrátt fyrir ungan aldur hafa þessir skór notið mikilla vinsælda og sést á hlaupaviðburðum víða um heim.



**NR. 3 ADIDAS ADIZERO ADIOS 2.0**
Framleiddir árið 2012. Árið á undan sló hlauparinn Patrick Makau frá Kenía heimsmetið í Berlínarmaraþoninu á sams konar skóm.



**NR. 4 ASICS GEL-KAYANO 19**
Framleiddir árið 2012. Þetta er nítjánda kynslóð af Asics Gel-Kayano skónum. Hönnuninni hefur verið örlítið breytt og þeir eru léttari en áður.

# ALLIR ÚT AÐ HLAUPA

**BESTU HLAUPASKÓRNIR** *Þegar hlaupið er af stað inn í nýtt ár er betra að hafa skóbúnaðinn í lagi. Góðir skór eru mikilvægir til að ná árangri og hlífa líkamanum við álagi og meiðslum. Það er því ekki úr vegi að líta á nokkra af bestu skóm veraldar. Á vefsíðunni www.sneakerreport.com eru hundrað bestu hlaupaskór allra tíma útnefndir. Hér eru þeir sem lentu í efstu fimm sætunum.*



**NR. 5 NIKE AIR MAX 1**
Framleiddir árið 1987 og enn á topp tíu listanum. Nike hafði löngu áður fundið upp loftpúðatæknina en í þessum skóm varð loftpúðinn fyrst sýnilegur utan á skónum.











# ÁRAMÓTAHEITIÐ EFNT

*Margir setja sér háleit markmið um áramót, að rækta líkamann og líta betur út. Hins vegar gefst fólk oft fljótt upp vegna þess að það ætlar sér um of.*

Best er að byrja rólega að hreyfa sig, þrisvar í viku er heppilegt, og taka síðan frídaga á milli. Gott er að vera í þægilegum fötum í líkamsrækt, sem liggja vel að líkamanum. Hér á myndunum má sjá sportföt sem Adidas kynnti sem sumartískuna 2013. Þótt engin ástæða sé til þess að vera klæddur samkvæmt nýjustu tísku í ræktinni er þó ástæða til að endurnýja fatnaðinn reglulega, sérstaklega skóna.

Allir vita að regluleg hreyfing bætir heilsuna og þess vegna er ágætt að setja sér skynsamleg markmið um áramót og reyna síðan að vinna eftir því. Ágætt er líka að nota tækifærið og laga mataræðið til hins betra. Forðast skyndimat og unnar kjötvörur og borða fremur einfaldan en hollan mat. Þegar fólk er duglegt í líkamsrækt er sömuleiðis allt í góðu að verðlauna sig stöku sinnum.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Íslensk hönnun

# ÚTSALAN
## hefst í dag



-35%

Áður 13.490 kr
**Núna 8.768 kr**

Klifurrós rúmföt - 3 litir

**allt að 50%**
afsláttur
**200 vörutegundir**
á útsölu



**Dreki rúmföt**
Stærð 70x100
Stærð 100x140
Stærð 140x200

-30%

Allar barnavörur 30-50% afsláttur



**Stærð 140x200**
áður 33.490 kr
**Núna 23.443 kr**

Barnastærðir
70x100
100x140

**100%** dúnn

**Dúnsængur - 30% afsláttur**
100% dúnn & 100% bómull




-30%

**Eldhúsvörur - 30% afsláttur**
Svuntur, ofnhanskar ásamt mörgu öðru



**Stærð 70x140**
Áður 3.330 kr
**Núna 1.998 kr**

**Handklæði - 40% afsláttur**
15 gerðir af handklæðum

**Opið**
11-18



**25 gerðir rúmfata á útsölu**

Áður 12.980 kr
**Núna 8.437 kr**

Eyrarrós rúmföt
**35% afsláttur**

**100%** Pima bómull



-30%

**Bómullarlök - 30% afsláttur**
Ofið úr 100% Pima bómull
Einstök mýkt & gæði



Straufrítt efni

**Verðdæmi**
Stærð 150x250
áður 5.990 kr
**núna 2.995 kr**

**Dúkar 40-50% afsláttur**
Margar gerðir og stærðir

**Tilboðin gilda í verslun og vefverslun**

Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is**








**FÖT OG FYLGIHLUTIR** Diadem kom á markað síðastliðið sumar.

# BREYTT MEÐ BÖNDUM

**ÝMSIR NOTKUNARMÖGULEIKAR** *Fatahönnuðurinn Bryndís Sveinbjörnsdóttir hannar flíkur sem oftar en ekki má nota á fleiri en einn veg.*

Fatahönnuðurinn Bryndís Sveinbjörnsdóttir hannar undir merkinu Diadem. Fyrsta línan kom í verslanir hérlendis og í Bretlandi síðastliðið sumar. Þar er að finna kjóla, leggings, peysur, boli og fylgihluti.

„Ég leik mér mikið með form og finnst spennandi að finna upp á sniðum sem er hægt að nota á fleiri en einn veg. Oft er flíkunum breytt með því að binda bönd á mismunandi hátt en orðið diadem, sem kemur úr forngrísku, þýðir einmitt að binda utan um,“ útskýrir Bryndís. Línunni tilheyrir til að mynda kjóll sem getur líka verið pils og flík sem má breyta úr kjól í peysu eða slá með nokkrum handtökum. „Þá legg ég mikla áherslu á að nota góð efni og búa til snið sem henta öllum líkamsgerðum,“ segir Bryndís.



Flíkurnar eru bæði framleiddar á Indlandi og í Bretlandi, þar sem Bryndís er búsett. „Ég á það svo til að setja lokapunktinn yfir i-ið sjálf og litaði til að mynda nýjustu silkiflíkurnar mínar. Þær eru viðbót við fyrstu línuna en þannig hyggst ég byggja merkið upp. Ég byggi á fyrstu línunni en bæti við flíkum sem passa við heildarmyndina. Næstu vikur fara því í að hanna viðbætur fyrir sumarið.“

Flíkurnar fást sem stendur í Kraum, GK Reykjavik, Howl&Wolf í Bath og Blue í Cheltenham. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.diadem.is og á Facebook. Innan tíðar verður svo hægt að næla sér í flík í netverslun Diadem sem er í vinnslu.

■ vera@365.is


**BÚSETT Í BATH**
Bryndís útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2007 og starfar í Bath á Englandi. Hér er hún með Diadem silkiklút.

**HÆGT AÐ NOTA Á ÝMSAN VEG**
Hægt er að breyta sumum flíkunum til dæmis úr pilsi í kjól og úr kjól í peysu. Litaðar silkiflíkur sem sjást hér til hliðar eru viðbót við fyrstu línuna sem kom á markað í sumar.

# SPORTLEGT FYRIR SUMARIÐ

*Tískuhönnuðurinn Phillip Lim verður fertugur á þessu nýhafna ári en hann hefur getið sér gott orð í tískuheiminum.*

Lim fæddist í Bangkok í Taílandi en foreldrar hans eru þó kínverskir. Þau fluttu til Kambódíu en flúðu þaðan til Kaliforníu. Lim hóf hönnunarferil sinn í Los Angeles en starfrækir nú fyrirtæki sitt í New York. Hönnun hans er seld í 45 löndum og hann hefur hlotið nokkur virt verðlaun fyrir hönnun sína. Lim nam viðskiptafræði við háskólann í Los Angeles en þrátt fyrir að hafa alla tíð dáð föt var tískuhönnun ekki á dagskrá hjá honum á þeim árum. Árið 1999 hóf hann að hanna tískuföt fyrir konur fyrir lítið fyrirtæki í LA og fann sig fljótt í þeim farvegi. Núna hannar hann einnig á karlmenn og börn. Phillip Lim er nú einn áhrifamesti hönnuður í Bandaríkjunum.

Á haustdögum kynnti Lim vor- og sumartísku sína fyrir árið 2013 og fékk mjög góð viðbrögð við henni, enda þykir hún sportleg og töff.



oasis



# Útsalan hefst í dag

# 30-60% afsláttur

Erum á Facebook Oasis Ísland

oasis Kringlan 553-5111
Smáralind 554-7980

## BÍLAR & FARARTÆKI



RENAULT Trafic van. Árgerð 2006, ekinn 98 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.154657.



KIA Rio ex. Árgerð 2006, ekinn 120 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 980.000. Rnr.154690.



RENAULT Master stuttur háþekja. Árgerð 2008, ekinn 100 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.580.000 + VSK. Rnr.106475.

**OKKUR VANTAR BÍLA Á SKRÁ OG Í STÆÐI VEGNA GÓÐRAR SÖLU, ÁRATUGA REYNSLA.**

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**



JAGUAR XKR COUPE . Árg 4/2008, ek 10 Þ.KM, 420hö, Sá flottasti, Ein með öllu, Fluttur inn nýr, Ásett verð 12.500.000. Rnr.114909. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**











Ford Econline árg.2005, 6,0 diesel, 15 manna, 4x4, ekinn 125 þús., m, spicer 60 framan, sk.'14, hópferðaskoðun 14, dráttarbeisli, smurbók, lítur vel út og í góðu lagi, verð kr. 4.650.000,- gsm 821-6292.



Nissan Patrol árg.'98, 44" DC, nýr low-gír, olíumiðstöð, læsing framan/aftan, nýlega upptekin vél og gírkassi, aukatankur, intercooler, aukaraf og fl. og fl., (ný 38" dekk á felgum geta fylgt), verð kr. 2.880.000,- gsm 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

### Bílar til sölu



Reno Megane árg. ,99 Ek. 175 þús. Verð 300 þús. Tilboð 180 þús. Uppl. í s: 896 9819.

### Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Varahlutir




Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

### Viðgerðir

**ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!**
Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

### Garðyrkja




### Bókhald




Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Allt viðhald fasteigna, fljót og góð þjónusta. Málum, smíðum og fl. Uppl. í s. 867 4968 Njáll.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.




### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

**Blekhylki.is**

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

## KEYPT & SELT

### Til sölu



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Útsala 30-50% afsl. EIK design 20% afsl. Opið 13-18. sími 695-6679.



Mikið úrval snjóplóga, snjótanna, sanddreifara og snjóblásara á lager. Aflvélar ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ, S:480-0000.

### Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örYrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Faglegt heilsunudd og slakandi. Sími 771 2117 Urszula.

### Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



**VARANLEGT REYKSTOPP MEÐ ÁRANGRI S:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi, Eftirfylgni í 1 ár. www.theta.is.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM**
Hefst 7.janúar, skráning á www. flugskoli.is.

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

4ja herbergja íbúð á Kvisthaga,100 fm2,107 Reykjavík til leigu, vinsamlegast sendið fyrirspurnir á eftirfarandi netfang: hagarnir107@ gmail.com

Til leigu gott herb. í hlíðunum, uppl. í s: 892-2095.

Til leigu miðsvæðis í Rvk. stórt og fallegt herb. með húsgögnum einnig fylgir því einkatölva, sjónvarp og dvd. Aðgengi að eldh., baði og þvottavél. Leigist aðeins reglusömum einstaklingi. Allt innifalið á 40þ. kr. á mán. Svör og uppl. um áhugasama sendist á email: kaffikanna11@ hotmail.com.

Íbúð til leigu- Álftanes,Garðabæ. Góð 76 fm 2herbergja íbúð til leigu. Íbúðin er laus strax. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í s. 695-0786

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúð til leigu nálægt Hlemm. Sími 661 5219.

Til leigu nýlegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir í Norðlingaholti og Eskivöllum Hafnarfirði. Langtímaleiga. Lausar strax. Upplýsingar veittar í s. 820-1002 eða agnarglobal@gmail.com

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

símstöðin

**DAGVINNA - FÖST LAUN & BÓNUSAR.**
Við leitum að íslenskumælandi einstaklingum til úthringinga. Fjölbreytt verkefni. Vinnutími 10-16.
**Uppl. í síma 647-4700 eða sendið mail á dagvinna@simstodin.is**

MOSFELLS BAKARÍ

**FULLT STARF - REYKJAVÍK**
Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir eftir hádegi.
**Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

TMÍ TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila. Áhugasamir geta sent póst á erna@tmi.is

### Atvinna óskast

Bifvélavirki rúmlega fimmtugur óskar eftir starfi. Uppl. í s: 770-1608 Sigurður.


# Boltinn
## á Xinu 977
**– alla virka daga kl. 11 - 12**



X 97.7






SJÓNVARPSSTÖÐIN **ID: INVESTIGATION DISCOVERY** ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**


### til sölu


## Nýtt öryggiskerfi frá GARDSMAN



**15% afláttur af Gardsman öryggiskerfum í janúar.**

Hægt er að stjórna kerfinu með snjallsíma
Getur tengst 30 þráðlausum skynjurum
Með hitaskynjara er hægt að fá viðvörun á lágmarks og hámarks hita ásamt fleiri möguleikum
Hentar vel fyrir heimili, sumarbústaði og vinnustaðinn

Dalvegi 16b
sími 554 2727
www.hugna.is

Hugna.is

Sjá nánar á www.hugna.is


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Dekkjahúsið**
Höfum opnað nýtt og glæsilegt hjólbarðaverkstæði í Dalbrekku kópavogi (gamla Toyota) fullt af opnunartilboðum.
Láttu sjá þig.
Dalbrekku 17 Kóp • S: 553 3100 • www.dekkjahusid.is

**Rafvirkjar - Smiðir**
**Flísalagnir - Múrarar**
**Málarar - Píparar**
LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
**698 6738**
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

**Var rekstur prentarans hár á síðasta ári?**
**Við gætum lækkað hann um 50-60%**
NÝR TÓNER
prenthylkja endurnýjun
nyrtoner.is
sími 565-2046
Auðbrekku 6, Kóp.

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn- verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR



Fáðu ókeypis söluverðmat frá fagmönnum án nokkurra skuldbindinga
WWW. EIGNAVERDMAT.IS
Vernharð
699 7372
Venni@remax.is
Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald



www.facebook/gottbón
**GOTT BÓN**
ÓDÝRT EN GOTT
Sækjum • Bónum Skilum
Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

**EIGNABORG** FASTEIGNASALA ☎ 564 1500 · 30 ára

Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.
Jóhann Hálfdánarson, Vilhjálmur Einarsson, löggiltir fasteigna og skipasalar

# Nýjar eignir á söluskrá



**Hverfisgata.** 82,3 fm. á 1. hæð. **V. 18,5 mill.**



**Snorrabaut.** 54,7 fm. á 2. hæð **V. 16,0 mill.**



**Grettisgata.** 64,8 fm. á 3. hæð **V. 18,0 mill.**



**Þórsgata.** 31,1 fm. á 3. hæð **V. 11,5 mill.**



**Framnesvegur.** 66,9 fm. á 1. hæð **V. 18,0 mill.**



**Seljavegur.** 83,9 fm. á 2. hæð **V. 22,5 mill.**



**Fálkagata.** 56 fm. á 1. hæð **V. 17,0 mill.**



**Miðtún.** 65,9 fm. kjallaraíbúð **V. 16,50 mill.**



**Hrísateigur.** 83,8 fm. á 1. hæð og 32,9 fm. bílskúr. **V. 26,9 mill.**



**Kleppsvegur.** 87,7 fm. á 7. hæð **V. 17,0 mill.**



**Barðavogur.** 56,9 fm. á 1. hæð **V. 15,0 mill.**

**Vantar allar gerðir eigna á skrá**



**EIGNAMIÐLUN**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Félag Fasteignasala

## Ljósheimar – í álklæddu lyftuhúsi á 5. hæð.





Rúmgóð 3ja herbergja 96,8 fm íbúð á 5.hæð í fallegu álklæddu lyftuhúsi. Góð sameign. Endurnýjað fallegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi. Parket. Mjög gott útsýni. Mjög góð staðsetning, örstutt í góðar verslanir bæði í Skeifunni og Glæsibæ og útivistarparadísina í Laugardalnum. **Verð 22,9 m.**

**Upplýsingar á skrifstofu Eignamiðlunar í síma 588-9090 eða hjá Þórarni lögg. Fs í síma 899-1882**



FRÉTTIR · VIÐSKIPTI · ÍÞRÓTTIR · LÍFIÐ · UMRÆÐAN

# STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir



# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS



vísir

Félag Fasteignasala

**Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!**



# PROTAB26 IPS

## 10" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA

Glæsileg spjaldtölva með einstökum 10" IPS HD fjölsnertiskjá með áður óséðri litadýpt og skerpu, búin allri nýjustu tækni og Mali400 3D skjákjarna

- 10.1" IPS HD fjölsnertiskjár 1280x800
- Öflugur 1.2GHz ARM A8 Cortex örgjörvi
- Multi-Core Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 150Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- Li-Polymer rafhlaða allt að 12 tímar
- HDMI 1.4 mini, USB2 micro og Micro SD
- Tvær vefmyndavélar 0.3MP og 2MP 1080p
- Android 4.0 ICS stýrikerfi og fjöldi forrita

**34.900**

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



ALL ACCESS
VÖRN FYRIR ÖLL TÆKI HEIMILISINS. TÖLVUR, SÍMA OG SPJALDTÖLVUR
9.990

3LEYFI
MÁ SETJA UPP Á ALLT AÐ 3 TÖLVUR

# McAfee

## INTERNET SECURITY 2013

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Enn hraðvirkari McAfee 2013 leitarvél
- PC tune-up hraðar vinnslu stýrikerfis
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

**4.990**

ANDROID ÚTGÁFA 2.490



INNBYGGÐ HARÐDISK DOKKA

HLJÓÐ-EINANGRUN Í HLIÐUM.

ENGIN VERKFÆRI INNBYGGÐAR HARÐDISK-SKÚFFUR

Thermaltake COOL ALL YOUR LIFE

# SOPRANO

## OFUR HLJÓÐLÁTUR TURNKASSI

- Nær hljóðlaus Mid ATX turnkassi
- Hljóðeinangrun í öllum hliðum
- Háþróaður falinn kaplaskipuleggjari
- 4x 5.25" & 4x 3.5/2.5" tool-less, 1x 3.5"
- Silent 200mm fram- og 120mm bakvifta
- 10x hraðari USB 3.0 tengi að framan
- Innbyggðar ryksíur (hægt að þvo)
- Biksvartur að utan sem innan

**29.900**

*- Just Mute It*

FULL HD 1080p
ÞESSI SPILAR ALLT



LACIE

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

# 1.5TB

## FULL HD MEDIA PLAYER

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080p HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- HDMI, RCA, USB, LAN, ljósleiðari ofl.
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir

**34.900**

2TB 39.900 • 3TB 49.900

DEEP BLACK VALED
TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN



BenQ

GW2750HM

# 27"VALED

## BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR

Alvöru VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og nýrri Deep Black tækni sem er bylting í myndgæðum og skerpu á ótrúlegu janúar tilboði í Tölvutek:)

- 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20.000.000:1 DCR og Senseye tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**59.900**

22" VA-LED SKJÁR 26.900



2.0

# PERFORMER

## THERMALTAKE VÖKVAKÆLING

- All-In-One vökvakæling fyrir örgjörva
- Virkar með öllum helstu örgjörvum
- 2x Öfur hljóðlátar 120mm viftur
- Viftustýring fyrir hámarks afköst
- Hámarks kæling - þarf ekki áfyllingu
- Einföld uppsetning og ekkert vesen

**12.900**

2.0 Pro 19.900 • 2.0 Extreme 24.900



BenQ

G2025HDA

# 20"LCD

## BENQ LCD HD+ SKJÁR

- 20" LCD HD+ 16:9 breiðtjaldsskjár
- 40.000:1 DCR og Senseye3
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1600x900 HD+ upplausn
- VGA D-SUB tengi og kapall
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**19.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ Á 20"LCD



MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

BenQ

GL2450

# 24"LED

## BENQ FULL HD LED SKJÁR

- 24" LED FULL HD 1080p 16:9
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**29.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ Á 24"LED

# VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Silicon Power

# 16GB

## USB3.0 BLAZE

16GB stílhreinn og nettur Silicon Power Blaze USB3.0 minnislykill með 70MB/s leshraða og bláu merki sem skiptir um lit þegar honum er smellt í USB tengi.

**4.990**

8GB 2.990 I 32GB 9.990

6000 LAMPI ENDIST ALLT AÐ 6000 TÍMA



# MS500H

## 3D SKJÁVARPI

- DLP 3D Ready skjávarpi (klár í 3D)
- Upplausn 800x600 og 13.000:1 skerpa
- Með ANSI birtustig 2700 lumens
- Sérstakur sparnaðar 6000 klst lampi
- HDMI, VGA, S-Video, Video RCA ofl
- Stílhrein hönnun, fjarstýring fylgir

**86.900**

BenQ 3D SKJÁVARPI Á TILBOÐI

4BLS BÆKLINGUR




HC W8

# TV11

## SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

Ný kynslóð Ivy Bridge fartölva með allri nýjustu tækni, 3.1GHz Turbo Intel i5 örgjörva og 2GB ofur öflugu GT630 leikjaskjákorti.

- Intel Core i5-3210M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT630M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**149.900**

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG




# V3-771G

- Intel Core i5-3210M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB diskur (pláss fyrir auka disk & mSATA SSD)
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED CineCrystal 1600x900
- 2GB GeForce GT650M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**179.900**

ÖFLUG 17" LEIKJAFARTÖLVA




# IDEAPAD

- Intel Core i5-3210M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" FULL HD LED Anti-Glare 1920x1080
- 2GB GeForce GT650M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.3MP HD 720p innbyggð vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**179.900**

SÚ ALLRA FLOTTASTA Í DAG!




CM W8

# TV11

## NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með enn öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt nýjasta og einum öflugasta skjákjarna í heimi.

- AMD A8-4500M Quad Core 2.8GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 4GB ATI HD7640G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**129.900**

FÆST Í 2 LITUM




202SD

# CQ58

- Intel Dual Core B830 1.8GHz 2MB
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED BrightView 1366x768
- 512MB Intel HD 2000 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP TrueVision HD vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**79.900**

HP FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI




535

# Series 5

- AMD A6-4455M Dual Core 2.6GHz Turbo
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 13.3" HD SLIM SuperBright 1366x768
- 4GB ATI HD7500G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- 1.3MP HD 1280x800 vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**134.900**

FISLÉTT OG ÖFLUG 13" SAMSUNG




HC W8

# TE11

- Intel Pentium Dual Core B960 2.2GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB GeForce GT620M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

FRÁBÆR Í SKÓLANN :)

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónusvörur á góðu verði

**259** KR. 400 G
**298** KR. 400 G
VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM
**BÓNUS FERSKT PIZZADEIG**

**198** KR. 430 G
BÓNUS 430 GRÖMM
**PIZZASÓSA**

**359** KR. 153 G
BÓNUS 153 GRÖMM
**PEPPERONI**

**198** KR. 200 G
BÓNUS **PIZZABLANDA** 200gr
**PIZZABLANDA**

**359** KR. 120 G
BÓNUS 120 GRÖMM
**LÚXSUSSKINKA**

Ekkert viðbætt VATN

## EINFALLT, ÓDÝRT, FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

GÓÐUR TILBÚINN MATUR
**FYRIR ÞRJÁ TIL FJÓRA**
**1098**
**KR. BAKKINN**

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!

BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS PASTA CARBONARA

Kolsýrt vatn
Appelsín
**159** KR. 2 LTR

**698** KR.PK
BÓNUS **SALERNISPAPPÍR**
9 RÚLLUR/ 250 BLÖÐ PR.RL

## BÓNUS KAFFI

**398 KR.**
BÓNUS KAFFI 500gr

## BÓNUS BRAGÐMINNA ÞORSKALÝSI

**498 KR.**
ÞORSKALÝSI 500ml

## BÓNUS HREINN

HREINN ÁVAXTASAFI **APPELSÍNU EÐA EPLA** I LTR.
**129** KR. I LTR

BÓNUS HRÍSKÖKUR
MEÐ SÚKKULAÐI 6 STK./135gr
**298** KR.PK

BÓNUS **HAFRAKÖKUR** 100g stk.
**179** KR.STK

BÓNUS **SMYRILL** 300g
**159** KR.DS

BÓNUS **LÝSISPERLUR** 300 stk.
**598** KR. 300stk

BÓNUS **HVÍTT SÚKKULAÐI** 200g
**298** KR.STK

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Frestuðu veislunni

Stórfjölskylda ætlaði að gera sér glaðan dag að Nípá í Útkinn þann 29. desember vegna gullbrúðkaups og tvöfalds perlubrúðkaups (30 ára) en vegna veðurs varð að aflýsa veislunni og fresta henni um nokkrar vikur.

Hjónin Ólöf Hallbjörg Árnadóttir húsfreyja og Hörður Þórhallsson, fyrrverandi skipstjóri og útgerðarmaður, áttu 50 ára hjúskaparafmæli þann 29. desember. Þau giftu sig í Húsavíkurkirkju árið 1962. Tvö barna þeirra giftu sig á sama stað þrjátíu árum síðar. Gunnar Rafn giftist Guðrúnu Hörpu Vilhjálmsdóttur og Hjördís Sævar gekk að eiga Kára Karlsson. Hjördís og Kári búa á Nípá í Köldukinn (Útkinn) og þar ætlaði stórfjölskyldan að koma saman en veðurhamur kom í veg fyrir það.

„Þetta var bara slegið allt saman af. Annað var ekki skynsamlegt. Það var mjög vont veður allan daginn og svo ófærð á eftir, enda vöruðu Veðurstofan og Almannavarnir okkur rækilega við,“ segir Hörður sem býr ásamt Ólöfu konu sinni á Akureyri. Þau eiga fjögur börn, ellefu barnabörn og þrjú barnabarnabörn. „Einn sonur okkar þurfti að koma með fjölskyldu austan af Egilsstöðum og annar utan af Dalvík. En fólkið úr Reykjavík slapp norður með flugi áður en veðrið brast á.“

En á samt ekki að halda upp á hjúskaparafmælin einhvern daginn? „Jú, en við Ólöf erum að fara til Kanaríeyja núna á laugardaginn og ætlum að vera þar í mánuð,“ svarar Hörður. „Svo það er verið að tala um að fresta þessum hátíðahöldum til páska.“ - gun



**HJÓN Í 50 ÁR** Ólöf og Hörður áttu gullbrúðkaup 29. desember. Þau voru gefin saman í Húsavíkurkirkju af séra Ingólfi Guðmundssyni prófasti.

# Menntaáætlun ESB til Rannís

Landskrifstofur Menntaáætlunar ESB og Nordplus hafa flutt til Rannís.

Frá og með 1. janúar 2013 flytjast Landskrifstofur Menntaáætlunar Evrópusambandsins og Nordplus til Rannís. Þar með sameinast nokkrar af stærstu styrktaráætlunum Evrópusambandsins og Norrænu ráðherranefndarinnar undir einni stofnun. Markmiðið með sameiningunni er að styrkja erlent samstarf á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar á Íslandi og einfalda aðkomu umsækjenda að áætlununum.

Verkefni og starfsfólk Menntaáætlunar ESB og Nordplus hafa nú flust frá Háskóla Íslands yfir til Rannís. Fyrst um sinn verður starfsemin á tveimur stöðum, þar sem Rannís verður áfram á Laugavegi 13 og starfsemi Menntaáætlunar og Nordplus í Tæknigarði við Dunhaga.



---

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ARNÓR K. HANNIBALSSON**
**prófessor emeritus,**
**Hreggnasa við Laxárvog, Kjós,**

andaðist á heimili sínu föstudaginn 28. desember. Útförin fer fram frá Reynivallakirkju laugardaginn 12. janúar kl. 14.00.

**Ari Arnórsson** **Hildur V. Guðmundsdóttir**
**Kjartan Arnórsson** **Traci Robison Klein**
**Auðunn Arnórsson** **Margrét Sveinbjörnsdóttir**
**Hrafn Arnórsson**
**Þóra Arnórsdóttir** **Svavar Halldórsson**
**og barnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**SKJÖLDUR ÞORGRÍMSSON**
**Skriðustekk 7, Reykjavík,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 20. desember, verður jarðsunginn frá Áskirkju mánudaginn 7. janúar kl. 13.

**Þórhildur Hólm Gunnarsdóttir**
**Una Svava Skjaldardóttir** **Chuck Rogers**
**Þorgrímur Skjaldarson**
**Tryggvi Lúðvík Skjaldarson** **Halla María Árnadóttir**
**Ásthildur Skjaldardóttir** **Birgir Aðalsteinsson**
**Guðbjörg Skjaldardóttir** **Sigurður Árnason**
**Guðrún Viktoría Skjaldardóttir** **Björn Guðmundsson**
**barnabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÞÓR SIGURBJÖRNSSON**
**Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi,**
**áður Suðurgötu 64,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness 26. desember. Útförin auglýst síðar.

**Sigurður Villi Guðmundsson** **Dagbjört Friðriksdóttir**
**Þórunn Guðmundsdóttir** **Bjarni Ásmunds**
**Vilhjálmur Þór Guðmundsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**Salvör Guðmundsdóttir** **Stefán H. Stefánsson**
**Sigurbjörn Guðmundsson** **Svandís Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR DÚI JÚLÍUSSON**

lést á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri fimmtudaginn 20. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. janúar kl. 10.30.

**Guðrún Gunnarsdóttir**
**Eyvör Gunnarsdóttir** **Björgvin R. Leifsson**
**Hreinn Gunnarsson**
**Benjamín Gunnarsson** **Dagbjört K. Þórhallsdóttir**
**Svanhildur D. Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KAREN GUÐLAUGSDÓTTIR**
**frá Húsavík,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri hinn 27. desember. Jarðarförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 5. janúar kl. 14.00.

**Sigurlaug N. Þráinsdóttir** **Guðbjörn B. Bjarnason**
**Jónína Sigurðardóttir**
**Ásgerður B. Sigurðardóttir** **Páll G. Sigurðsson**
**Hanna Maídís Sigurðardóttir** **Ólafur Jensson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Hjartkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**JÓN ÚLFAR LÍNDAL**
**áður til heimilis að Lálandi 23, Reykjavík,**

sem lést 25. desember, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni á morgun, föstudaginn 4. janúar klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Landssamtökin Þroskahjálp eða Afmælissjóð Jóns Úlfars Líndal, bankanúmer 0111- 05-261084, kt. 120752-6509.

**Þórhildur Líndal** **Eiríkur Tómasson**
**Björn Líndal** **Sólveig Eiríksdóttir**
**Páll Jakob Líndal** **Sigurlaug Gunnarsdóttir**
**og systkinabörn.**

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAUKUR ÓLAFSSON**
**skipstjóri, Norðfirði,**

lést á Fjórðungssúkrahúsinu í Neskaupstað miðvikudaginn 26. desember. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 4. janúar kl. 14.

**Valborg Jónsdóttir**
**Ólafur Hauksson** **Svala Guðjónsdóttir**
**Sigurbergur Hauksson** **Álfdís Ingvarsdóttir**
**Þór Hauksson** **María Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Aðstandendur þakka auðsýnda samúð vegna andláts

**HANNESAR INGIBERGSSONAR**

**Laufey B. Hannesdóttir** **Gísli Karel Halldórsson**
**Hjördís Hannesdóttir** **Hannes Gunnar Sigurðsson**
**Þórir Kjartansson** **Áslaug Pálsdóttir**

---

†



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN V. GUÐJÓNSSON**
**fyrrverandi framkvæmdastjóri,**
**Fornuströnd 9, Seltjarnarnesi,**

verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 4. janúar kl. 15.00.

**fyrir hönd aðstandenda,**

**Elísabet Jónsdóttir**
**Guðjón Jónsson** **Sigrún Ásta Bjarnadóttir**
**Hafdís Jónsdóttir** **Björgúlfur Andrésson**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**RAGNHEIÐUR VIGGÓSDÓTTIR,**
**Reynimel 28, Reykjavík,**

sem lést föstudaginn 28. desember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. janúar kl. 15.00.

**Hilmar Sigurbjörnsson**
**Birna Sigurbjörnsdóttir** **Jón Gunnlaugur Jónasson**
**Marta Jónsdóttir**
**Hjalti Jónsson**
**Ragnheiður Jónsdóttir**
**Davíð Jónsson**

---

†



Móðir mín,

**ÞÓRDÍS G. OTTESEN**
**frá Miðfelli, síðast til heimilis að Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,**

andaðist 27. desember að Droplaugarstöðum. Útför Þórdísar verður frá Fossvogskapellu föstudaginn 4. janúar kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Valdimar Jónsson.**

---

†



Konan mín, mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**ÞÓRUNN JÓNASDÓTTIR**
**Hellu,**

verður jarðsett frá Oddakirkju föstudaginn 4. janúar klukkan 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Lund.

**Guðni Jónsson**
**Hrafnhildur Guðnadóttir** **Friðrik Magnússon**
**Hjördís Guðnadóttir** **Auður Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**TRYGGVA SIGURGEIRSSONAR**
**Þrúðvangi 22, Hafnarfirði.**

**Sigrún Jóna Marelsdóttir** **Tryggvi Gunnarsson**
**Þóranna Tryggvadóttir** **Ingi Óskarsson**
**Jón Ásgeir Tryggvason** **Hólmfríður G. Guðjónsdóttir**
**Líney Tryggvadóttir** **Jónatan S. Svavarsson**
**Sigurgeir Tryggvason** **Ásta S. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR GUNNAR SAMPSTED**
**prentari, Hraunbæ 70,**

lést 28. desember sl. Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju kl. 13.00 þann 8. janúar nk.

**Bryndís Óskarsdóttir**
**Gunnhildur Amelía Óskarsdóttir** **Gunnar Antonsson**
**Elísabet S. Albertsdóttir** **Hörður S. Friðriksson**
**Viktoría Dröfn og Albert Óskar**

www.lyfja.is

LYFJA

- Lifið heil



# andaðu léttar

**Reykingamenn sem ætla að leggja öskubakkann á hilluna eiga bandamann í Lyfju**
Við viljum leggja okkar af mörkum til að hjálpa þeim sem ætla að losa sig við reykinn. Við gefum 20% afslátt af Nicorette Quickmist munnholsúða, nýju nikótínlyfjaformi frá Nicorette sem auðveldar reykingamönnum að hætta að reykja.

**Aðstoð við þá sem vilja hætta**
Í Lyfju Lágmúla býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja. Þú getur fengið heilsufarsmælingar, t.d. á blóðþrýstingi og blóðfitu. Við erum þér innan handar þegar þú tekur upp heilsusamlegan lífsstíl.

**Við minnum á reyksímann: 800 6030 og reyklaus.is**

**Lyfja býður öll lyfjaform Nicorette.**

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 62415 12/12

**Tilboðið gildir til 31. janúar 2013.**

# 20% afsláttur af Nicorette QuickMist munnholsúða

Nýtt










Nicorette® QuickMist munnholsúði er nýjasta nikótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum.

**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af **etanóli** (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

Lágmúla - Laugavegi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** berjast, **6.** íþróttafélag, **8.** efni, **9.** farvegur, **11.** tveir eins, **12.** kappsemi, **14.** teygjudýr, **16.** pípa, **17.** að, **18.** fálm, **20.** mun, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** listi, **3.** tveir eins, **4.** asfalt, **5.** drulla, **7.** röndóttur, **10.** er, **13.** ílát, **15.** síll, **16.** þjálfa, **19.** 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. etja, 6. kr, 8. tau, 9. rás, 11. rr, 12. ákefð, 14. amaba, 16. æð, 17. til, 18. fum, 20. ku, 21. arma.
**LÓÐRÉTT:** 1. skrá, 3. tt, 4. jarðbik, 5. aur, 7. rákaður, 10. sem, 13. fat, 15. alur, 16. æfa, 19. mm.






# Vangaveltur um áramót

**BAKÞANKAR**
Björns Þórs Sigbjörnssonar



*Gleðilegt ár.*
Þessa góðu kveðju fær maður hvar sem maður kemur þessa dagana og sendir hana auðvitað á móti. Allir óska öllum gleðilegs árs.

**EN** hvað býr að baki? Eða öllu heldur; býr eitthvað að baki? Er þetta eitthvað sem við segjum af því að okkur finnst það tilheyra og af því að allir aðrir segja þetta eða meinum við eitthvað með þessum tveimur sakleysislegu orðum? Felst í þeim að við vonum heitt og innilega að árið verði gleðilegt fyrir viðkomandi; að þeir njóti hamingju og velgengni? Ja, hlýtur það ekki að vera?

**HLJÓTI** svo að vera, teljum við þá að sú hamingja og sú velgengni sem við óskum að fólk njóti sé algjörlega undir því sjálfu komið? Finnst okkur máski að hún eigi að koma af himnum ofan? Eða ætlum við að leggja eitthvað af mörkum svo aðrir njóti raunverulega hamingju og velgengni? Ja, nú kann málið að vandast.

**SJÁLFSAGT** væri einfaldast ef hver og einn gæti verið sjálfum sér nægur í þessum efnum. Verið sinnar gæfu smiður. En þannig er það ekki. Og lukkupottarnir eru ekki við hvert fótmál. Þess vegna verður hugur að fylgja máli þegar við óskum fólki gleðilegs árs. Ef við virkilega meinum það sem við segjum þá verðum við að leggja okkur fram um að árið verði öðrum gleðilegt. Þetta á auðvitað líka við um hina hversdagslegu kveðju: Góðan dag. Hún getur ekki bara falið í sér ósk eða von. Við verðum að koma fram og hegða okkur með þeim hætti að dagurinn geti orðið sem bestur fyrir viðkomandi.

**PEGAR** á reynir er samkennd Íslendinga mikil. Það sanna dæmin. En það ætti ekki að þurfa slys til eða virkilega erfiðar aðstæður svo að við réttum öðrum hjálparhönd eða sýnum af okkur mennsku. Af litlu tilefni eða öngvu getum við lagt hvert öðru lið með ýmsum, og oft einföldum, hætti og þannig stuðlað að betri líðan annarra og þar með betra samfélagi. Stundum þarf bara bros.

**GLEÐILEGT ÁR.**

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SKIPTIBÓKAMARKAÐUR

## Ódýrar skiptibækur!

## Skiptibókamarkaður Griffils er nú einnig í verslunum Eymundsson



Austurstræti
Smáralind
Suður - Kringlu
Hafnarfirði
Keflavík
Akranesi
Ísafirði
Akureyri
Vestmannaeyjum

**ALLS STAÐAR SAMA VERÐ Á BÓKUNUM!**

---

### FYLLTU Á RITFANGAFORÐANN OG VERTU KLÁR FYRIR NÝJA ÖNN Í SKÓLANUM



**Stílabækur**
1.399 kr.
5 stk. í pakka.

**Blý**
179 kr.
Pakkinn. Fæst í 0,5 mm og 0,7 mm.

**Spjaldskrárkort**
899 kr.
Pakkinn. A6. Gul, bleik, appelsínugul eða græn.

**Skrúfblýantur**
149 kr.
stykkið.

**A4 Hólfamappa**
1.699 kr.
Fæst í 4 litum.

**Áherslupenni**
95 kr.
Stykkið. 4 litir.

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝR

Auglýsingin gildir til og með 06. janúar eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími 5331010 • Opið alla daga til kl. 22



**JÁ, ELSKAN** Danssmíðin var haganlega gerð en verkið bjó yfir fallegum sjónrænum myndum á sama tíma og það vakti upp tilfinningar hjá áhorfandanum, segir í dómi. MYND/MARINÓ THORLACIUS

# Samstaða og sundrung

DANS ★★★☆☆

**Já, elskan**

Höfundur: Steinunn Ketilsdóttir. Flytjendur: Árni Pétur Guðjónsson, Aðalheiður Halldórsdóttir, Berglind Pétursdóttir, Hannes Þór Egilsson, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Magnús Guðmundsson og Snædís Lilja Ingadóttir.

**KASSINN, ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

Í verkinu Já, elskan eftir Steinunni Ketilsdóttur eru samskipti innan fjölskyldna krufin til mergjar, eða eins og segir í kynningarefni: „Hvað heldur fjölskyldum saman? Hvað sundrar þeim? Hvernig aðlögum við okkur í samskiptum við ástvini – og hver eru þolmörk okkar?“ Í verkinu fylgjast áhorfendur með fjölskyldu þar sem skiptast á skin og skúrir hvað samskipti varðar. Reynt er að halda fágaðri mynd út á við og samstöðu innan hópsins en óleyst mál skjóta upp kollinum og valda streitu og spennu á milli einstaklinga.

Steinunni tekst að skapa sannfærandi persónur og senur sem áhorfendur þekkja. Það truflaði þó persónusköpunina hversu aldursbil flytjendanna var lítið, með einni undantekningu. Í fjölskyldum má finna bæði unga sem aldna en í dansheiminum finnast einungis ungir einstaklingar því einhverra hluta vegna fara dansarar ekki upp á svið eftir fertugt þó svo að færni í og vald yfir hreyfingum hverfi ekki með aldrinum heldur aðeins getan til ofurtækni.

Uppbygging og framvinda verksins var góð og spennandi var að sjá hvað kæmi næst. Danssmíðin var haganlega gerð en verkið bjó yfir fallegum sjónrænum myndum á sama tíma og það vakti upp tilfinningar hjá áhorfandanum. Sena þar sem Aðalheiður Halldórsdóttir reyndi að ná til Árna Péturs Guðjónssonar en tókst aldrei almennilega var sérstaklega sterk. Þar tókst að virkja alla dansarana í mjög vel kóreógraferuðu atriði þar sem athyglispunkturinn var greinilega á einum stað en margt annað var um að vera sem skapaði dýpt og fyllingu.

Öll umgjörð sýningarinnar var flott, búningar og ekki síst leikmynd pössuðu vel við þemað og tónlist og lýsing féllu vel að því sem var að gerast á sviðinu. Allt kynningarefni sýningarinnar var líka til mikillar fyrirmyndar og plakatið með því flottasta.

Frammistaða flytjendanna var með ágætum en það hefði mátt reyna meira á þá. Hópatriðin þar sem dansararnir héldust í hendur og sköpuðu eins konar fléttu voru heldur ekki hnökralaus. Árni Pétur sýndi styrk í karaktersköpun en vantaði þessa nákvæmni í hreyfingum sem einkennir þjálfaða dansara. Tjáningarríkar hreyfingar Aðalheiðar komu sögu hennar vel til skila auk þess sem hún söng eins og engill. Lovísa Ósk Gunnarsdóttir var góð og Snædís Lilja Ingadóttir átti góða spretti. Það sama má segja um Berglindi Pétursdóttur en hún hvarf líka inni á milli, sem hafði þó einnig að gera með karakterinn hennar. Lokadúett Hannesar Þórs Egilssonar og Snædísar Lilju var mjög fallegur og gaf hreyfingu í verkið. Hannes og Magnús Guðmundsson fengu lítið andrými sem einstaklingar en styrktu heildina vel.

Endirinn var veiki hlekkurinn í verkinu. Allar senur verksins höfðu fengið góðan tíma til að byggjast upp og lifa nema hann og því datt botninn úr annars góðu verki þegar ljósin slokknuðu og áhorfendur sátu óvissir í myrkrinu undir lokatónum hljóðmyndarinnar.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Já, elskan er skýrt og flott verk en það hefði mátt reyna meira á flytjendurna til að ná aukinni dýpt og styrk.


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí-sept. 2011




**MÓTETTUKÓRINN** Barokktrompetarnir komu ekki nógu vel út að mati gagnrýnanda en kórinn söng fallega og af tæknilegu öryggi.

# Góður kór, síðri hljómsveit

TÓNLEIKAR ★★★☆☆

**Jólaóratóría Bachs, fyrri hluti**

Alþjóðlega barokksveitin í Haag ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju og einsöngvurum. Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

**ELDBORGARSALUR HÖRPU, 29. DESEMBER**

Barokktónlistin er aldrei vinsælli en um jólin. Hún er hátíðleg en samt lifandi og það hæfir þessum árstíma einstaklega vel. Gróflega séð er barokktónlistin sú sem var samin í Evrópu á tímabilinu 1600 til 1750. Hljóðfærin sem þá var leikið á eru ekki alveg þau sömu og í dag. Þverflauta var jú þverflauta en hún var úr tré, ekki málmi. Fiðlustrengirnir voru úr girni, trompetarnir ekki með takka og þar fram eftir götunum. Hljómur barokkhljómsveitar er því talsvert frábrugðinn þeim sem nútíma sinfóníuhljómsveit gefur frá sér. Hann er léttari og gegnsærri. Það er sjarmi yfir honum sem nútímalegri hljómsveit nær ekki að framkalla.

Alþjóðlega barokksveitin í Haag hefur oft leikið í Hallgrímskirkju með prýðilegum árangri. Meðlimir hennar spila á eftirlíkingar gamalla hljóðfæra. Hörður Áskelsson hefur þá (ég held undantekningarlaust) stjórnað sveitinni. Hann þekkir auðvitað hljómburðinn í kirkjunni út í ystu æsar. Hann veit hvað virkar og hvað ekki.

Að þessu sinni var barokksveitin í Eldborginni í Hörpu. Á efnisskránni var fyrri hluti Jólaóratóríu Bachs. Síðari hlutinn var fluttur daginn eftir. Mótettukór Hallgrímskirkju söng með hljómsveitinni, auk nokkrurra einsöngvara. Það var eitthvað skrýtið við sambandið á milli ólíkra hljóðfærahópa og á milli kórsins og hljómsveitarinnar í heild. Jafnvægið vantaði. Hinn mildi hljómur barokk-tréblásturshljóðfæranna var nokkuð ógreinilegur þar sem ég sat. Það var fremst á neðstu svölum. Strengjaleikurinn var hins vegar skýr en hann drekkti tréblásurunum. Útkoman var fremur einhæf og litlaus. Hér hefðu nútímahljóðfæri komið betur út.

Barokktrompetarnir hljómuðu ekki heldur vel. Af ákveðnum tækniástæðum er ekki hægt að ætlast til að hljómurinn úr þeim sé jafn tær og nákvæmur og úr nútímatrompet. En fyrr má nú rota en dauðrota. Feilnóturnar voru óþægilega áberandi og skemmdu heildaráhrifin.

Á móti kom að kórinn söng fallega, af tæknilegu öryggi og af viðeigandi tilfinningu. Kórhljómurinn var mun þéttari og flottari en það sem heyrðist frá hljómsveitinni. Munurinn var reyndar allt of mikill. Sambandið þar á milli var ekki sannfærandi.

Einsöngvararnir stóðu sig samt ágætlega. Tenórinn Benedikt Kristjánsson er vaxandi söngvari, með fagra rödd sem passar vel svona tónlist. Hann var hins vegar dálítið hæverskur, það hefði mátt vera meira skap í túlkuninni. Kontratenórinn Daniel Cabena var góður, sérstaklega á efra raddsviðinu. Sömuleiðis var bassinn Stephan MacLeod tilkomumikill, og skær söngur Herdísar Önnu Jónasdóttur var hrífandi. En almennt talað voru þetta fremur langdregnir tónleikar; ég saknaði þess að vera ekki í Hallgrímskirkju.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Margt gott en líka margt síðra, og heildarhljómurinn var einkennilegur.

# ÚTSALAN

# ER HAFIN

# 20-70%

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



**PABBI** Noel Gallagher hlakkar ekki til þess þegar börnin hans komast á unglingsár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Segir guð vera Oasis-aðdáanda

Fyrrverandi höfuðpaur Manchester-sveitarinnar kvíðir ekki næsta tilverustigi.

Noel Gallagher, sem ásamt Liam bróður sínum fór fyrir Oasis við gífurlegar vinsældir víða um heim áður en Manchester-sveitin lagði upp laupana árið 2009, lét nýlega hafa eftir sér að allar líkur væru á því að sjálfur guð á himnum væri Oasis-aðdáandi.

Í viðtali við slúðurblaðið The Sun var Gallagher, sem sendi frá sér sína fyrstu sólóplötu árið 2011, beðinn um að útskýra hvernig hann ætlaði sér að komast inn í himnaríki. „Ég myndi segja: „Hefurðu heyrt lagið Don't Look Back in Anger?“, og þeir myndu svara: „Auðvitað.“ Þá myndi ég segja: „Ég samdi það, hleypið mér inn. Ég skal spila lag fyrir ykkur. Ég stal hlutum og ég neytti margra eiturlyfja, en ég er ágætur.“

Gítarleikarinn, sem segir engar líkur á því að Oasis komi saman aftur í bráð, kvíðir einnig því þegar börnin hans þrjú, sem eru tveggja, fimm og tólf ára gömul, komast á unglingsár ef marka má annað nýlegt viðtal við hann. Sjálfur hefur Gallagher neytt ótæpilega af brenndum drykkjum og fíkniefnum í gegnum tíðina og segist því ekki í nokkurri aðstöðu til að vara afkomendur sína við hættunum sem af því stafa. Hann myndi því láta nægja að segja: „Allt er best í hófi. Og munið bara að þið verðið aldrei jafn svöl og pabbi ykkar. Munið það.“









**ÞÉNAÐI MEST** Madonna var sá tónlistarmaður sem þénaði hvað mest með tónleikahaldi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Þénaði meira en Bieber

Madonna þénaði mest allra með tónleikaferðalagi sínu árið 2012. Söngkonan halaði inn 37.864 milljónum króna fyrir tónleikahald sitt í fyrra. Í öðru sæti eru samlandar hennar, Bruce Springsteen and the E Street Band, sem þénuðu 26.863 milljónir króna samkvæmt Pollstar.

Roger Waters, fyrrum forsprakki Pink Floyd, var í þriðja sæti og í því fjórða var breska hljómsveitin Coldplay. Aðrir sem komust á listann eru Lady Gaga, Metallica, Red Hot Chili Peppers, Jennifer Lopez, Drake og Radiohead. Ungstirnið Justin Bieber var í 23. sæti og þénaði aðeins 5.116 milljónir með tónleikahaldi sínu.



**ÓLÉTT** Kim Kardashian á von á sínu fyrsta barni með Kanye West. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eiga von á sínu fyrsta barni

Rapparinn Kanye West hélt tónleika í Atlantic City 30. desember og þótti tilvalið að tilkynna aðdáendum sínum að hann ætti von á barni með Kim Kardashian. „Stöðvið tónlistina og fagnið barnsmóður minni,“ sagði rapparinn á tónleikunum, en Kardashian var á meðal áhorfenda.

Raunveruleikastjarnan er gengin þrjá mánuði og telur TMZ.com að barnið hafi verið getið í Róm. West bauð sinni Kardashian til Rómar í haust þar sem þau héldu upp á afmæli hennar. Þetta er fyrsta barn parsins sem hefur verið saman í átta mánuði.



**VERSTU MYNDIRNAR** Twilight-myndaröðin þykir ein sú versta frá upphafi að mati lesenda Rifftrax. NORDICPHOTOS/GETTY

## Twilight þykir versta myndin

Twilight-myndirnar eru verstu kvikmyndir sem gerðar hafa verið að mati lesenda vefsíðunnar Rifftrax.com. Blaðamaður hjá Rifftrax lýsir myndunum á eftirfarandi hátt: „Tautað á engi, tautað, tautað, tautað.“

Kvikmyndin Batman and Robin var valin næstversta kvikmynd allra tíma og Catwoman, með Halle Berry í aðalhlutverki, sú þriðja versta. Spider-Man 3 og The Last Airbender voru í fjórða og fimmta sæti. Lesendur Rifftrax völdu einnig verstu kvikmyndir ársins 2012 og kemur það líklega fáum á óvart að Breaking Dawn – Part 2 þótti versta mynd ársins. Battleship og Ghost Rider: Spirit of Vengeance fylgdu fast á hæla hennar.



**EKKI ÁHUGAVERÐ** Anne Hathaway segir fólk ekki telja hana áhugaverða persónu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ekki svöl eins og Rihanna

Leikkonan Anne Hathaway segist ekki vera eins svöl og Rihanna. Þetta kemur fram í viðtali við bresku útgáfu Harper's Bazaar.

„Ég er ekki Rihanna, ég er ekki svöl. Þegar fólk kemur að máli við mig úti á götu biður það oftast um faðmlag í stað ljósmyndar. Ég er talin vera góða stelpan, ímynd sem ég samsamaði mig aldrei. Ég er eins og vanillubragð, mjög viðkunnanleg en ekki sérlega áhugaverð. Ég er ekki hörkutól og ekki kynþokkafull," sagði leikkonan, sem hefur hlotið mikið lof fyrir leik sinn í söngvamyndinni Les Miserables.



**BRITNEY** Poppgoðið Britney Spears einbeitir sér nú að tónlistinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Britney vinnur að nýrri plötu

Poppstjarnan Britney Spears vinnur nú að nýrri hljómplötu samkvæmt Twitter-síðu hennar. Þar tjáði hún aðdáendum að hún væri að vinna í næstu plötu sinni, einbeita sér að tónlistinni og að hún væri í samstarfi við nýja upptökustjóra sem veittu henni innblástur.

Væntanlega platan verður áttunda breiðskífa Britney en síðast gaf hún út plötuna Femme Fatale árið 2011. Hún fór beint í fyrsta sæti Billboard-listans. Með því komst Britney í þriðja sæti þeirra kvenkyns listamanna sem hafa átt flestar plötur í fyrsta sæti vinsældalistans.



**NÝBÖKUÐ MÓÐIR** Leikkonan Claire Danes eignaðist son í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Orðin móðir

Leikkonan Claire Danes fæddi son á dögunum, en þetta er fyrsta barn hennar. Sonurinn kom nokkuð fyrir tímann, en ekki var búist við honum fyrr en á nýju ári. Danes og eiginmaður hennar, Hugh Dancy, eru í skýjunum með soninn, sem hefur fengið nafnið Cyrus Michael Christopher.

Danes hefur farið á kostum og rakað til sín verðlaunum fyrir hlutverk sitt í spennuþáttunum Homeland, en hún og Dancy gerðu óléttuna opinbera í sumar. Danes mun ekki taka sér langt fæðingarorlof, þar sem tökur á þriðju Homeland-seríunni hefjast á nýju ári.

# Brúðkaup á nýju ári?

Leikararnir Bradley Cooper og Zoe Saldana hafa fundið ástina á ný.

Leikarinn Bradley Cooper ku hafa farið niður á hnén yfir hátíðirnar og beðið kærustu sinnar, leikkonunnar Zoe Saldana. Parið fann ástina á nýjan leik fyrir nokkrum mánuðum síðan eftir stutt gaman í byrjun síðasta árs.

Samkvæmt heimildum blaðsins Enquirer er Cooper mikið í mun að láta Saldana ekki sleppa í þetta sinn og er því loksins tilbúinn að festa ráð sitt.

Kærustuparið hittist fyrst við tökur á rómantísku dramamyndinni The Words. Þau voru saman í um þrjá mánuði áður en upp úr slitnaði, meðal annars vegna sambandsfælni Cooper. Hann á að baki sambönd við leikkonurnar Renée Zellweger, Jennifer Lopez og Jennifer Aniston.

Parið mun hafa sagt vinum sínum að búa sig undir vorbrúðkaup á nýju ári í heimabæ Coopers, Fíladelfíu.



**ÁSTIN BLÓMSTRAR** Bradley Cooper og Zoe Saldana eru ekki bara byrjuð saman á ný heldur ku leikarinn hafa farið niður á hnén yfir hátíðarnar. NORDICPHOTOS/GETTY

DEBENHAMS

ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI

30-70% AFSL.

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Opið til kl. 21:00 í kvöld

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

next

# ÚTSALAN

## ER HAFIN

# 30-60% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

OPNUM KL. 09.00 Í DAG

**OPIÐ**

| | |
|---|---|
| mán. - mið. | 10:00 - 18:30 |
| fimmtudaga | 10:00 - 21:00 |
| föstudaga | 10:00 - 19:00 |
| laugadaga | 10:00 - 18:00 |
| sunnudaga | 13:00 - 18:00 |

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Fylgstu með okkur á Facebook

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

## Kolbeinn á leið til Brasilíu



**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Kolbeinn Sigþórsson mun fara með liði sínu Ajax í æfingaferð til Brasilíu á sunnudaginn. Kolbeinn hefur verið frá keppni síðan í ágúst vegna axlarmeiðsla en tíðindin benda til þess að hann sé allur að koma til.

Liðsmenn Ajax verða í viku í Ríó og mæta meðal annars Vasco da Gama í æfingaleik. Næsti leikur Ajax í hollensku deildinni er í Amsterdam 20. janúar gegn Feyenoord. - ktd

# Sýning hjá Suarez

## Chelsea tapaði á heimavelli gegn botnliði QPR.

**FÓTBOLTI** Liverpool vann sinn annan sigur í röð og lyfti sér upp í áttunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar með 3-0 sigri á Sunderland. Luis Suarez skoraði tvö mörk annan leikinn í röð og er nú næstmarkahæstur í deildinni með fimmtán mörk.

Arkitektinn að báðum mörkum Suarez var Steven Gerrard sem nú hefur lagt upp átta mörk í deildinni. Daniel Sturridge, sem gekk í raðir Liverpool frá Chelsea í gær, fylgdist með stjörnuframmistöðu nýju liðsfélaganna úr stúkunni.

Rafael Benitez, stjóri Chelsea, geymdi Juan Mata á bekknum á heimavelli gegn QPR. Shaun Wright-Phillips skoraði eina mark leiksins gegn sínum gömlu félögunum tólf mínútum fyrir leikslok. Chelsea situr í fjórða sæti deildarinnar með 38 stig en QPR deilir botnsætinu með Reading. Bæði lið hafa 13 stig.



**FRÁBÆR** Úrúgvæinn hefur verið jafnbesti leikmaður tímabilsins. NORDICPHOTOS/GETTY

# YFIR HUNDRAÐ MÖRK Í SJÖUNDA SINN

**Guðjón Valur Sigurðsson setti nýtt landsliðsmet á árinu 2012 þegar hann skoraði 196 mörk fyrir íslenska landsliðið og bætti þar með met sitt og Ólafs Stefánssonar. Guðjón Valur skoraði 85 marka sinna á tveimur stórmótum íslenska landsliðsins.**

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson átti frábært ár með íslenska handboltalandsliðinu en landsliðsfyrirliðinn var aðeins þremur mörkum frá því að jafna eigið markamet og bara fjórum mörkum frá því að brjóta 200 marka múrinn. Guðjón Valur setti nýtt landsliðsmet með því að brjóta hundrað marka múrinn í sjöunda sinn. Guðjón Valur átti gamla metið með Ólafi Stefánssyni en báðir brutu þeir hundrað marka múrinn í sjötta sinn árið 2008. Það hefur verið hægt að treysta á framlög vinstri hornamannsins hjá íslenska landsliðinu og það er má að segja að nýja metið hans sýni það svart á hvítu.

### 7 mörk að meðaltali í leik

Guðjón Valur spilaði 28 landsleiki á árinu 2012 og skoraði í þeim 196 mörk eða 7 mörk að meðaltali í leik. Guðjón Valur skoraði 81 marki meira en næsti maður sem var Aron Pálmarsson með 115 mörk.

Guðjón Valur braut hundrað marka múrinn í fyrsta sinn árið 2003 og skoraði síðan yfir hundrað mörk sex ár í röð eða til ársins 2008. Íslenska liðið spilaði færri leiki næstu ár á eftir og Guðjón var 17 mörkum frá því að ná hundraðasta markinu í fyrra.

Guðjón Valur átti marga flotta landsleiki á nýliðnu ári. Guðjón Valur skoraði tíu mörk eða fleiri í fimm leikjum og í 19 leikjanna skoraði hann sjö mörk eða fleiri. Hann skoraði mest 13 mörk í einum leik en það var í sigri á Pólverjum í fyrsta leik ársins. Guðjón byrjaði árið á því að skora 24 mörk í tveimur fyrstu leikjunum og endaði það síðan á því að skora sjö mörk eða meira í sex síðustu landsleikjunum.

### 199 mörk árið 2008

Guðjón Valur á sjálfur markametið á einu tímabili en hann skoraði 199 landsliðsmörk í 35 leikjum árið 2008. Þá líkt og nú voru tvö stórmót á árinu en Guðjón skoraði samtals 85 mörk í 12 leikjum á EM í Serbíu og Ólympíuleikunum í London. Árið 2008 var Guðjón með 77 mörk í 14 leikjum á EM í Noregi og Ólympíuleikunum í Peking.

Guðjón Valur er orðinn 33 ára gamall og aðeins einn eldri landsliðsmaður (Ólafur Stefánsson 34 ára 2007 og 35 ára 2008) hefur náð því að komast yfir hundrað marka múrinn. Guðjón Valur stakk sér í ár upp fyrir Valdimar Grímsson sem var 32 ára gamall þegar hann skoraði 107 mörk með landsliðinu árið 1997.

### 1400 mörk fyrir landsliðið

Guðjón Valur er alls búinn að skora 1.400 mörk með íslenska landsliðinu og er nú 171 marki á eftir Ólafi Stefánssyni sem á markametið. Það má búast við því að Guðjón Valur geri atlögu að metinu á næstu árum nú þegar lítur út fyrir að Ólafur sé búinn að spila sinn síðasta landsleik. ooj@frettabladid.is



### ➜ Aron sá yngsti yfir hundrað mörkin

Aron Pálmarsson bætti 28 ára gamalt met Kristjáns Arasonar á síðasta ári þegar hann varð yngsti landsliðsmaður Íslands til að skora yfir hundrað mörk á einu landsliðsári. Aron sló metið og komst yfir hundrað marka múrinn í fyrsta sinn á ferlinum með frábærri ellefu marka frammistöðu í sigri á Hvít-Rússum í undankeppni EM 2014 í lok október. Aron skoraði alls 115 mörk á árinu í 26 landsleikjum sem gera 4,4 mörk að meðaltali í leik.

### FLEST LANDSLIÐSMÖRK Á ÁRINU 2012

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 196 |
| Aron Pálmarsson | 115 |
| Alexander Petersson | 83 |
| Róbert Gunnarsson | 82 |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 67 |
| Arnór Atlason | 67 |
| Ólafur Stefánsson | 65 |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 61 |
| Þórir Ólafsson | 52 |
| Vignir Svavarsson | 42 |



**FYRIRLIÐINN** Guðjón Valur leiðir íslenska landsliðið á Heimsmeistaramótinu á Spáni sem hefst 11. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### FLEST HUNDRAÐ MARKA ÁR MEÐ ÍSLENSKA LANDSLIÐINU Í HANDBOLTA

Næstu þrír á eftir Guðjóni Val Sigurðssyni á hundrað marka listanum eru allir örvhentir, skytturnar Kristján og Ólafur auk hornamannsins Valdimars. Þeir sem á eftir koma eru hins vegar allir rétthentir. Róbert, Snorri Steinn og Aron eru þeir einu sem enn spila með landsliðinu.



selecta
mánudagar og fimmtudagar eru
ávaxtadagar



Í boði eru þrír valkostir:
Tilvalið fyrir fyrirtæki og stofnanir sem hafa hollustuna í fyrirrúmi



**Fjórar til fimm tegundir af ferskum og girnilegum ávöxtum**
Bananar, epli, appelsínur, perur, kiwi.
Getur verið árstíðabundið, samtals 3 kg.

Ávaxta**karfa 1**



**Fjórar til fimm tegundir af ferskum og girnilegum ávöxtum**
Bananar, epli, klementínur/mandarínur, vínber. Getur verið árstíðabundið, samtals 3 kg.

Ávaxta**karfa 2**



**Þrjár tegundir af niðursneiddum ávöxtum**
Ananas, melóna Cantaloupe, melóna gul.
Getur verið árstíðabundið, samtals 2,1 kg.

Ávaxta**karfa 3**
Suðrænt og seiðandi

**Hafið samband við sölufulltrúa okkar í síma 585 8585**
**eða sendið fyrirspurn á selecta@selecta.is**
Sala og dreifing er á höfuðborgarsvæðinu

selecta

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 21.35
### Person of Interest

Spennuþáttaröðin Person of Interest er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Finch og Reese þurfa að hafa hlutverkaskipti að þessu sinni þar sem Reese vinnur við tölvuna á meðan Finch rannsakar hvernig húsvörður í fjölbýlishúsi tengist glæp sem á eftir að gerast.



### The Flintstones in Viva Rock Vegas

**RÚV KL. 10.30** Leikin kvikmynd um uppáhaldssteinaldarmennina okkar, áður en fjölskyldulífið hófst. Fred er skotinn í Wilmu, sem er af góðum ættum og talin vera of góð fyrir hann. Barney og Betty eru nýbyrjuð að slá sér upp og fara fjórmenningarnir til Stein-Vegas.

Rotten Tomatoes 25% IMDb 3,3



### Die Another Day

**SKJÁR 1 KL. 22.00** Pierce Brosnan leikur hér 007-njósnarann James Bond í fjórða skiptið. Þegar hann var að störfum í Norður-Kóreu var hann handsamaður af heimamönnum og honum haldið og hann pyntaður í ár. Eftir að hann sleppur reynir hann að klófesta þarlendan hryðjuverkamann.

Rotten Tomatoes 57% IMDb 6,0



### The Amazing Race

**STÖÐ 2 KL. 20.05** Sextánda þáttaröðin þar sem fylgst er með tveggja manna liðum flakka um heiminn og leysa þrautir í þeirri von að sigra kapphlaupið og vinna eina milljón dollara. Tíu lið eru eftir og ferðast þau nú um Síle, frá Valparaiso til Puerto Varas, og einn þátttakandinn lendir í uppákomu með skapstygga kú.

TV.COM 8,8 IMDb 7,5

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Nafnlausir vegir **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.40** Smásaga: Í ásjónu þinni, Dodda **21.10** Draumar urðu tónar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Rimbaud og sýndarveruleikinn **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Steinaldarmennirnir í Stein-Vegas** *(The Flintstones in Viva Rock Vegas)* Aðalhlutverk: Mark Addy, Stephen Baldwin, Kristen Johnston, Jane Krakowski, Joan Collins og Thomas Gibson.
**12.00 Undur sólkerfisins – Dauði eða líf** *(4:5) (Wonders of the Solar System) (e)* Heimildarmyndaflokkur frá BBC.
**13.00 Kingdom lögmaður** *(6:6) (e)*
**13.50 Nýárstónleikar í Vínarborg** *(e)*
**16.15 Fum og fát** *(Panique au village)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.26 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Stundin okkar**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Dýraspítalinn** *(5:9)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Framandi og freistandi 3** *(2:9)*
**20.35 Enginn má við mörgum** *(2:7) (Outnumbered)*
**21.10 Sönnunargögn** *(16:16) (Body of Proof II)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**21.55 Glæpahneigð – Grunsamleg hegðun** *(4:13) (Criminal Minds: Suspect Behaviour)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.35 Downton Abbey** *(7:9) (e)*
**23.25 Kastljós** *(e)*
**23.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.10 The Painted Veil**
**12.15 Arctic Tale**
**13.40 Funny Money**
**15.15 The Painted Veil**
**17.20 Arctic Tale**
**18.45 Funny Money**
**20.20 The Deal**
**22.00 Milk**
**00.10 Crank: High Voltage**
**01.45 The Deal**
**03.25 Milk**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(21:22)*
**08.30 Ellen** *(70:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(53:175)*
**10.15 White Collar** *(14:16)*
**11.00 The Block** *(1:9)*
**11.50 Who Do You Think You Are?** *(6:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(9:22)*
**13.25 Secretariat** Áhrifamikil mynd með Diane Lane og John Malkovich í aðalhlutverkum og byggð á sönnum atburðum.
**15.25 Evrópski draumurinn** *(3:6)*
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(71:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(18:23)*
**19.40 The Middle** *(9:24)*
**20.05 The Amazing Race** *(2:12)*
**20.50 NCIS** *(4:24)* Áttunda þáttaröð spennuþáttanna um sérsveit lögreglumanna í Washington sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum.
**21.35 Person of Interest** *(11:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-ríki. Þættirnir eru úr smiðju J.J. Abrams.
**22.20 Breaking Bad** *(5:13)* Fjórða þáttaröðin um Walter White, fyrrverandi efnafræðikennara sem ákveður að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum eftir að hann greinist með krabbamein.
**23.10 The Mentalist** *(5:22)*
**23.50 3.10 to Yuma** Vestri með Russell Crowe og Christian Bale í aðalhlutverkum.
**01.50 Surfer, Dude** Gamanmynd með Matthew McConaughey og Woody Harrelson í aðalhlutverkum.
**03.15 Secretariat**
**05.15 The Big Bang Theory** *(18:23)*
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT — besta sætið

**18.00 Grillhúsmótið** Svipmyndir frá Grillhúsmótinu sem fram fór á Þorlákshöfn.
**18.30 Meistaradeild Evrópu:** Chelsea - Shakhtar
**20.10 Michelle Wie á heimaslóðum** David Feherty heimsækir Michelle.
**20.55 Chelsea - Liverpool** Útsending frá úrslitaleik ensku bikarkeppninnar *(FA Cup)*
**22.40 Herminator Invitational** *(2/2)* Góðgerðargolfmót í Vestmannaeyjum.
**23.15 HM 2011: Ísland - Austurríki**

## STÖÐ 2 SPORT 2 — enski boltinn

**07.00 Liverpool - Sunderland**
**16.00 Liverpool - Sunderland**
**17.40 Sunnudagsmessan**
**18.55 Premier League Review Show 2012/13**
**19.50 Premier League World 2012/13**
**20.20 Chelsea - QPR**
**22.00 Premier League Review Show 2012/13**
**23.00 Football League Show 2012/13**
**23.30 Newcastle - Everton**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Elías**
**09.25 Strumparnir**
**09.45 Latibær** *(10:18)*
**10.10 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurmennið**
**17.45 Njósnaskólinn** *(10:13)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(9:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(17:25)* Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** *(7:23)* Chandler og Joey finna videóspólu sem gæti verið af Monicu með fyrrverandi elskhuga, Ross hefur fundið leið til að fá Emmu til að hætta að gráta en þorir ekki að deila því með Rachel og Phoebe á erfitt uppdráttar þegar hún hittir snobbaða foreldra nýja kærastans Mikes.
**19.20 How I Met Your Mother** *(6:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(10:23)* Hómer býður Flanders til Las Vegas.
**20.10 Suburgatory** *(21:22)* Gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning í úthverfi þar sem lífið er ólíkt því sem hún á að venjast úr borginni.
**20.35 Pretty Little Liars** *(21:25)* Fjórar vinkonur lenda í dularfullum vandræðum eftir að óforskömmuð vinkona þeirra er myrt.
**21.20 Eastwick** *(2:13)* Þrjár konur í bænum Eastwick fá óvænta og dularfulla krafta frá manni sem er ekki allur þar sem hann er séður.
**22.05 Suburgatory** *(21:22)*
**22.30 Pretty Little Liars** *(21:25)*
**23.15 Eastwick** *(2:13)*
**00.00 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(105:175)*
**19.00 Ellen** *(71:170)*
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Stelpurnar** *(11:20)*
**20.30 Fóstbræður**
**21.05 Friends** *(22:24)*
**21.30 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**22.30 Strákarnir**
**23.00 Stelpurnar** *(11:20)*
**23.20 Fóstbræður**
**23.55 Friends** *(22:24)*
**00.20 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**01.20 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.35 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Minute To Win It** *(e)*
**16.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**17.25 Dr. Phil** Bandarískur spjallþáttur með sálfræðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpssal.
**18.15 Necessary Roughness** *(6:16) (e)*
**19.05 The Office** *(9:27) (e)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(21:26) (e)*
**19.55 Will & Grace** *(2:24) (e)*
**20.20 Happy Endings** *(10:22)* Bráðfyndnir þættir um skrautlegan vinahóp. Rómantískar gamanmyndir og sálfræðingar koma við sögu í þætti kvöldsins.
**20.45 30 Rock** *(20:22)* Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Fregnir herma að Avery, eiginkonu Jacks, hafi verið sleppt úr norður-kóreskri prísund sinni, Jack til mikillar gleði.
**21.10 House** *(16:23)*
**22.00 Die Another Day** Aðalhlutverk eru í höndum Pierce Brosnan og Halle Berry.
**00.15 Excused**
**00.40 CSI: Miami** *(14:19) (e)*
**01.30 Happy Endings** *(10:22) (e)*
**01.55 Everybody Loves Raymond** *(21:26) (e)*
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.15** Tyco Golf Skills Challenge *(1:1)* **12.15** Ryder Cup Official Film **2004** **13.30** Ryder Cup Official Film **2006** **14.**45 US Open **2012** *(3:4)* **20.45** Inside the PGA Tour *(1:47)* **21.10** The Memorial Tournament **2012** *(4:4)* **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Jólatónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


vísir keldan.is




Ert þú fjárfestir framtíðarinnar?
Taktu þátt í spennandi Ávöxtunarleik Keldunnar

Ávöxtunarleikurinn
keldan NASDAQ OMX vísir Libra víb

Keldan vill stuðla að bættu fjármálalæsi þjóðarinnar og stendur fyrir keppni í ávöxtun sem er opin öllum landsmönnum, 15 ára og eldri, og þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram í gegnum vísir.is og fær hver þátttakandi 10 milljónir Keldukróna til þess að fjárfesta í mismunandi flokkum.

Vegleg verðlaun
Þeir sem skila bestu ávöxtuninni þegar keppnin verður gerð upp næsta vor eiga kost á veglegum verðlaunum. **Meðal vinninga er flug fyrir 2 til New York með Icelandair og 200 þúsund kr. inneign í sjóði VÍB.**



Skráðu þig inn á visir.is

## Notaðir bílar. Mikið úrval

# Nýttu tækifærið

## *Komdu núna og gerðu góð kaup*

## *Hagstæð fjármögnun*

### *Settu gamla bílinn uppí*

***Örfá dæmi um úrvalið sem er í boði:***




**Citroën C4 SX skrd. 7/2010**
1,6 dísil beinskiptur
Verð áður 2.090.000 kr.
Afsláttur 130.000 kr.




**Mazda6 Premium skrd. 4/2012**
2,0 bensín sjálfskiptur
Verð áður 3.950.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.




**Ford Mondeo Titanium skrd. 8/2008**
2,3 bensín sjálfskiptur
Verð áður 2.270.000 kr.
Afsláttur 320.000 kr.




**Ford Explorer Limited skrd. 6/2007**
4,0 bensín sjálfskiptur
Verð áður 3.090.000 kr.
Afsláttur 380.000 kr.




**Ford Escape Limited skrd. 7/2011**
2,5 bensín sjálfskiptur
Verð áður 4.790.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr.




**Ford Kuga Trend skrd. 6/2011**
2,0 dísil sjálfskiptur
Verð áður 4.450.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.




**Ford Focus Trend skrd. 6/2010**
1,6 bensín beinskiptur
Verð áður 2.250.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.




**Mazda3 Advance skrd. 7/2010**
1,6 bensín beinskiptur
Verð áður 2.160.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr.




**Ford Fiesta Trend skrd. 5/2011**
1,4 bensín sjálfskiptur
Verð áður 2.020.000 kr.
Afsláttur 170.000 kr.

**Komdu í Brimborg:**
Opið 9-17 virka daga
og 12-16 laugardaga

*Skoðaðu fleiri dæmi á* ***notadir.brimborg.is***

*Brimborg sér um söluna fyrir Thrifty bílaleigu*

3 sýningarsvæði Brimborgar Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri
Sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

Thrifty Car Rental

**DRYKKURINN**



**„Það er bara íslenska vatnið, það er langbesti drykkurinn. Það er mjög misjafnt hvað ég drekk mikið af því á hverjum degi en ætli það sé ekki frá einum og hálfum lítra og upp í þrjá á dag ef ég er að æfa mikið.“**

Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastskona.

# Önnuðu alls ekki eftirspurninni

Frétt um bílstjóraþjónustu fyrir ölvaða vakti athygli og var vinsælasta dægurfrétt ársins á Vísi.is.

„Þetta sprakk upp eftir viðtalið í Fréttablaðinu,“ segir Ómar Þröstur Hjaltason, annar forsvarsmanna Keyrðu mig heim, bílstjóraþjónustu sem sérhæfir sig í að skutla bílum heim af skrallinu. „Eftirspurnin var miklu meiri en við bjuggumst við, og reyndar meiri en við gátum annað.“

Þegar mest var voru sex manns í akstrinum og Ómar segir desembermánuð hafa gengið stóráfallalaust fyrir sig. „Við erum að vinna í því að bæta við bílstjórum, en ætli janúar verði ekki rólegur. Svo koma árshátíðirnar og þá ætti að koma kippur,“ segir Ómar. Keyrðu mig heim hyggst í nánustu framtíð bæta leiðinni milli Keflavíkur og Reykjavíkur við þjónustuna.

Gagnrýnisraddir hafa þó hljómað frá upphafi og að sögn Ómars hafa einhverjir leigubílstjórar látið í sér heyra. „Þeir eru enn ekki vissir um lögmæti starfseminnar, en við erum með þetta allt á hreinu.“ - hva



**ÖNNUÐU EKKI EFTIRSPURN** Það var nóg að gera hjá félögunum Ómari og Kristni í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# DreamWorks tekur upp hér á Íslandi

Mynd um Julian Assange tekin upp hér í janúar.

Bandaríski kvikmyndaframleiðandinn DreamWorks er væntanlegur hingað til lands til að taka upp atriði í nýrri mynd um Julian Assange og vefsíðuna WikiLeaks, The Man Who Sold the World.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fara tökurnar að öllum líkindum fram í janúar og verða þær í Reykjavík og nágrenni. Tökuliðið mun dvelja hér í nokkra daga við tökurnar og fara svo af landi brott. Heimildirnar herma að fyrirtækið True North muni aðstoða DreamWorks við tökurnar en hið fyrrnefnda vildi ekki staðfesta neitt um verkefnið. Tökur eru einnig fyrirhugaðar í Berlín og í Belgíu.

Óvenjulegt er að erlendar kvikmyndir séu teknar upp svo snemma á árinu hérlendis og því hljóta þetta að teljast góð tíðindi fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað.

Í helstu hlutverkum myndarinnar eru Benedict Cumberbatch úr sjónvarpsþáttunum Sherlock sem leikur stofnandann Assange, Daniel Brühl sem leikur talsmanninn Daniel Domscheit-Berg og Dan Stevens úr þáttunum Downton Abbey sem leikur tölvuhakkara. Ekki er búið að ráða í hlutverk þingkonunnar Birgittu Jónsdóttur sem hefur starfað fyrir WikiLeaks en nokkrar íslenskar leikkonur koma til greina. „Mér finnst þetta svolítið óraunverulegt enn þá. Ég vonast til að þetta verði ekki algjör Hollywood-mynd,“ segir Birgitta, sem hefur veitt handritshöfundinum Josh Singer ráðgjöf. Hún bætir við að Cumberbatch eigi eftir að smellpassa í hlutverk Assange því þeir séu mjög líkar týpur.

Leikstjóri The Man Who Sold the World verður Bill Condon, sem síðast leikstýrði The Twilight Saga: Breaking Dawn - Part 1 og Part 2. - fb



**LEIKUR ASSANGE** Benedict Cumberbatch úr Sherlock leikur stofnanda Wikileaks, Julian Assange. NORDICPHOTOS/GETTY



**FLÚR** Friðrik fer yfirleitt til sama mannsins í Reykjavík til að láta flúra sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nennir ekki að telja

Friðrik Jónsson er húðflúraðasti maður Eskifjarðar. Hann hefur ekki hugmynd um hvað húðflúrin eru orðin mörg og nennir ekki lengur að telja.

„Já, ég hugsa að ég sé sá tattúveraðasti á Eskifirði,“ segir Friðrik „Vader“ Jónsson, 25 ára Reykvíkingur sem hefur búið á Eskifirði undanfarin tvö ár.

Friðrik er húðflúraður í bak og fyrir, og hefur ekki tölu á hversu mörg flúrin eru orðin. „Ég hef ekki hugmynd um hvað þau eru mörg. Ég hætti að nenna að telja fyrir löngu,“ segir Friðrik, en hann fékk fyrsta flúrið þegar hann var 16 ára gamall.

Friðrik fluttist til Eskifjarðar þegar hann fékk vinnu í álverinu á Reyðarfirði og vöktu húðflúrin mikla athygli til að byrja með. „Það var svolítið gónt á mann í fyrstu, en núna er fólk orðið vant þessu,“ segir Friðrik. Hann fer reglulega til Reykjavíkur til að láta flúra sig.

Friðrik segir ekki mikla tattúmenningu að finna á Eskifirði, en þó veit hann af einum og einum með flúr. „Þeir eru nú ekki margir. Allavega ekki svona mikið flúraðir.“

En er hægt að fá húðflúr fyrir austan? „Það er alveg hægt að láta flúra sig hérna, en ég fer yfirleitt alltaf til sama mannsins í Reykjavík,“ segir Friðrik, en sá heitir Jason og starfar hjá Reykjavík Ink. „Ég hef farið til hans í mörg ár og það er nóg fyrir mig að segja honum hvað ég vil og þá teiknar hann það. Eiginlega undantekningarlaust líkar mér vel við það, enda veit hann alveg hvað ég vil.“ haukur@frettabladid.is

## „No comment“ á Jar Jar

Uppáhaldsflúr Friðriks er mynd af Svarthöfða sem hann fékk sér á handarbakið í fyrra, en það var Gunnar á Íslensku húðflúrsstofunni sem flúraði.

„Ég er mikill Star Wars-aðdáandi,“ segir Friðrik og útilokar ekki að fá sér fleiri Star Wars-húðflúr. Hann hefur hins vegar ekki í hyggju að skreyta sig með hinum umdeilda Jar Jar Binks, eyrnastóra sprellikarlinum úr The Phantom Menace. „No comment. Hann er óþolandi.“









# Nýtt nám hjá LHÍ í samstarfi við atvinnuleikhúsin í Reykjavík

Listaháskóli Íslands byrjar með diplómanám á meistarastigi í leiktúlkun í haust.

„Þessi námsleið leysir gamla Nemendaleikhúsið af hólmi,“ segir Steinunn Knútsdóttir, deildarforseti Leiklistar- og dansdeildar Listaháskóla Íslands. Hún á við nýja námsbraut skólans sem er diplómanám á meistarastigi í leiktúlkun.

Námið er eins árs starfsnám og er starfrækt í samstarfi við Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið svo að nemandinn gengur inn í leikhóp hússins.

„Leikaranám skólans var áður fjögurra ára nám en er nú orðið að þriggja ára bakkalárnámi,“ segir Steinunn. Á fjórða ári námsins var starfrækt svokallað Nemendaleikhús. „Með því rákum við okkar eigið leikhús. Nú sækjum við þá þjónustu til atvinnuleikhúsanna. Þetta er starfsnám með akademískum stuðningi,“ segir hún en nemarnir njóta leiðsagnar kennara í leiktúlkun, rannsóknaraðferðum og tækni. Á námstímanum fá þeir greidd byrjunarlaun samkvæmt samningum Félags leikara.

Haustið 2014 mun Listaháskólinn einnig hefja meistaranám í sviðslistum.

Inntökuskilyrði nýju námsbrautarinnar er að hafa klárað bakkalársgráðu í leiklist óháð því hvort leikarar hafi numið erlendis eða hér á landi.

Umsóknarfrestur er til 21. janúar og er mikill áhugi fyrir náminu. „Já, enda er þetta algjörlega nýtt af nálinni.“ Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu Listaháskólans. - hþt



**LEIKLIST** Steinunn Knútsdóttir deildarforseti segir nýju námsbrautina opna leið inn í leikhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




ZARA
www.zara.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Engin lending

Jólahátíðin er einn annasamasti tími ársins hjá tónlistarmönnum og á það einnig við um strákana í Vinum Sjonna. Eurovision-fararnir höfðu áformað að trylla lýðinn á Ísafirði á öðrum degi jóla með balli, en því þurfti að aflýsa þegar veðrið leyfði flugvélinni ekki að lenda á Ísafirði. Eftir að hafa hringsólað yfir Djúpinu í um 20 mínútur neyddist sveitin til að snúa aftur til Reykjavíkur. Vinirnir gáfust þó ekki upp og voru að undirbúa að keyra leiðina en var bannað að leggja af stað sökum ófærðar. Ísfirðingar fengu því ekki að njóta þeirra við þessi jólin. Vinirnir höfðu samt sem áður lítinn tíma til að sitja við konfektát yfir hátíðarnar og fögnuðu **Hreimur Örn Heimisson** og hljómsveit hans, Made-In Sveitin, til að mynda nýju ári með balli í heimabyggðinni Hvolsvelli á gamlárskvöld.



### Trúlofun milli jóla og nýárs

Ein af hetjum áramótanna var **Þórdís Elva Þorvaldsdóttir**, sem skrifaði pistil á Facebook um hrottafengna hópnauðgun í Indlandi, setti hana í samhengi við ofbeldi sem hún hefur sjálf orðið fyrir og almennt kynjamisrétti í heiminum. Pistlinum hefur verið deilt nærri 3.500 sinnum á Facebook, bæði á íslensku og enskri þýðingu hans. Þetta var þó ekki það eina sem bar til tíðinda í lífi Þórdísar Elvu á milli jóla og nýárs, því að leikarinn **Víðir Guðmundsson** bað hana líka að giftast sér 27. desember. Skemmst er frá því að segja að hún játti bónorðinu. **- trs, sh**



## Mest lesið vísir

1. Neil Armstrong sakaður um lygar
2. Starfsmannastjóri WikiLeaks hakkaði sig inn í stjórnarráðið
3. Sérfræðingar tefja rannsókn í manndrápsmáli
4. Fleygt út vegna ungs aldurs – skallaði dyravörðinn í andlitið
5. Ísland er tifandi tímasprengja










Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM